# FRÉTTABLAÐIÐ

152. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 29. JÚNÍ 2018


# Óvíst hvort uppsögnin standist lög

**Álitamál er hvort stjórn HB Granda var heimilt að segja Vilhjálmi Vilhjálmssyni upp og ráða Guðmund Kristjánsson. Ekki má taka stórar ákvarðanir meðan á yfirtökutilboði stendur að mati lögmanna.**

**VIÐSKIPTI** Óvíst er hvort stjórn HB Granda hafi verið heimilt að víkja Vilhjálmi Vilhjálmssyni forstjóra úr starfi og ráða í hans stað stjórnarformanninn Guðmund Kristjánsson, aðaleiganda Brims, stærsta hluthafa útgerðarinnar, meðan á yfirtökutilboði Brims stendur. Þetta er mat lögmanna er Fréttablaðið ræddi við.

Samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti er stjórn félags sem yfirtökutilboð tekur til óheimilt að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á tilboðið, þar á meðal ákvarðanir um samninga sem falla ekki undir venjulega starfsemi félagsins, nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Reglan gildir þar til niðurstöður tilboðsins hafa verið gerðar opinberar.

Helga Hlín Hákonardóttir, lögmaður og einn eigenda ráðgjafarfyrirtækisins Strategíu, segir ráðningar- og uppsagnarsamninga við forstjóra dæmi um samninga sem séu á forræði stjórnar og því sé vandséð að þeir falli undir venjulega starfsemi félags samkvæmt samþykktum þess.

„Eitt mikilvægasta hlutverk stjórnar er að gera uppsagnar- og ráðningarsamning við forstjóra. Slíkir samningar fela í sér sérstök tilvik sem aðeins eru á færi stjórnar og því vandséð að þeir geti fallið undir venjubundna starfsemi fyrirtækis,“ segir Helga.

Hluthafar HB Granda hafa frest fram til klukkan fimm í dag til þess að taka afstöðu til tilboðs Brims, sem keypti í apríl 34 prósenta hlut í útgerðinni. Þegar hafa hluthafar sem eiga alls 90,5 prósenta hlut sagst ekki ætla að ganga að tilboðinu.

Lögmenn sem Fréttablaðið ræddi við segja það álitamál hvort ákvarðanir stjórnar HB Granda um að segja Vilhjálmi upp og ráða Guðmund, sem teknar voru á fundi hennar í síðustu viku, fari í bága við lög. Bent er á að allar ákvarðanir „sem geta haft áhrif á yfirtökutilboð“, líkt og það er orðað í lögum, séu óheimilar. Enginn greinarmunur sé gerður á því hvort ákvarðanirnar geti haft lítil eða mikil áhrif á tilboðið.

> **Eitt mikilvægasta hlutverk stjórnar er að gera uppsagnar- og ráðningarsamning við forstjóra.**
>
> Helga Hlín Hákonardóttir, lögmaður og einn eigenda Strategíu



Í tilboðsyfirliti Brims, sem var birt í byrjun mánaðarins, er sérstaklega tekið fram að félagið hafi ekki áform um að breyta starfsmannahaldi HB Granda.

Fjármálaeftirlitið segist ekki geta tjáð sig um einstök mál.

Rannveig Rist sagði sig sem kunnugt er úr stjórn HB Granda í fyrrakvöld vegna ósættis um uppsögn Vilhjálms. Hún og stjórnarmaðurinn Anna G. Sverrisdóttir lögðust gegn uppsögninni, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Helga Hlín nefnir að umræddu lagaákvæði sé ætlað að koma í veg fyrir að veigamiklar ákvarðanir séu teknar á vettvangi stjórnar á meðan óvissuástand varir. Fara þurfi „afar varlega“ í að taka óafturkræfar ákvarðanir á meðan yfirtökutilboðið er enn í gildi. **– hae, kij**



**Stríðir vindar léku í gær um stræti og torg. Sem fyrr sást ekki til sólar og engin breyting verður á því næstu daga ef marka má veðurfræðinga. Margir hengja því haus en það á ekki við um alla. Þessir sprellfjörugu krakkar á siglinganámskeiði í Nauthólsvík léku að minnsta kosti við hvern sinn fingur á seglbáti sínum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Sárnar að fá ekki ríkisborgararétt

**SAMFÉLAG** Flóttafólk, sem kom til Íslands frá Sýrlandi í boði stjórnvalda í janúar 2016, er vonsvikið með að hafa ekki fengið ríkisborgararétt með lögum frá Alþingi í vor.

„Þau náðu íslenskuprófinu og skiluðu inn þar til gerðum pappírum en fengu neitun, öll sem eitt,“ segir Jóhanna Bergsdóttir, sálfræðingur á Akureyri. Fólkið sé vonsvikið, ekki síst vegna þess að meðal þeirra sem fengu ríkisborgararétt er fólk sem kom ólöglega til landsins frá svipuðum slóðum.

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, sem sat 2013 til 2016 í nefnd um veitingu ríkisborgararéttar, segir starfið ógegnsætt enda fjallað um persónuleg mál. „Þetta veldur því að fólk gefur sér að þarna sé eitthvert fúsk á ferðinni, sem það er alls ekki.“ **– aá /** **sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson fjallar um afstæða hamingju og merkilegan bjór. **13**

**SPORT** Yngri leikmenn landsliðsins í körfubolta axli ábyrgð. **16**

**MENNING** Tónlistarsaga aldarinnar út frá lífi Helgu Ingólfsdóttur. **24**

**LÍFIÐ** Tónlistarfjölskylda spilar á styrktartónleikum fyrir börn í Jemen. **30**

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM

MIKIÐ ÚRVAL

VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

## Veður




Róleg sunnanátt í dag. Bjart veður og hiti yfir 20 stig á Austurlandi, en rigning með köflum annars staðar og hiti yfirleitt á bilinu 10 til 15 stig.

SJÁ SÍÐU 20



**Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ekkert óeðlilegt við spurningar frá Strassborg

**DÓMSTÓLAR** „Íslensk stjórnvöld munu svara fyrirspurnum dómstólsins með greinargerð í sumar og vonandi verður mál þetta afgreitt í haust,“ segir Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra um þá frétt RÚV í gærkvöldi að Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) hefði tekið Landsréttarmálið svokallaða til meðferðar. Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Sigríður að enn sé ekki að fullu ljóst hvort MDE ætli að taka málið til meðferðar.

„Reglur dómstólsins eru þannig að mörgum málum er vísað strax frá dómi en hins vegar er einnig mögulegt að áður en slík ákvörðun er tekin sé gagnaðila málsins gefinn kostur á að tjá sig um sakarefnið. Hluti af slíkri greinargerð getur verið krafa um að málinu verði vísað frá án frekari málflutnings. Slík ákvörðun getur verið í höndum forseta deildarinnar án aðkomu annarra dómara. Hins vegar er ástæða til að fagna því að dómstóllinn skeri sem fyrst úr þeirri óvissu sem komin er upp þegar ásakanir koma fram um að skipan landsréttardómara sé andstæð Mannréttindasáttmála Evrópu þrátt fyrir að Hæstiréttur Íslands hafi komist að gagnstæðri niðurstöðu.“

Sigríður segir að þegar spurningar MDE til stjórnvalda séu skoðaðar sé ekkert óeðlilegt þar á ferðinni.

Nánar og ítarlegar um viðbrögð dómsmálaráðherra má lesa á Fréttablaðið.is. **– smj**

# Framtíð fótboltans



**Heimsmeistaramótið er kannski búið hjá íslenska landsliðinu en á Pollamótinu í Vestmannaeyjum eigast við framtíðarleikmenn þjóðarinnar. Landsliðshetjurnar sprikluðu allir einhvern tímann á mótinu og af tilþrifunum hjá pollunum nú að dæma er framtíðin björt.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR PÉTUR

# Féllu í árás á fjölmiðil

**BANDARÍKIN** Að minnsta kosti fimm létu lífið í skotárás á skrifstofu bandaríska dagblaðsins The Capital Gazette í Annapolis í Maryland í gær.

Margir særðust einnig í árásinni en árásarmaðurinn mun hafa verið handsamaður á vettvangi. Mun árásarmaðurinn hafa notað haglabyssu við ódæðið en illa gekk að bera kennsl á viðkomandi og hermdu fyrstu fregnir bandarískra fjölmiðla að hann hafi verið ósamvinnuþýður.

Eins og venjan er orðin þegar byssumaður fellir saklausa borgara í Bandaríkjunum þá skrifaði Donald Trump forseti á Twitter að hugur hans og bænir væru hjá fórnarlömbum ódæðisins og fjölskyldum þeirra. Öryggisgæsla var aukin hjá fjölda stórra fjölmiðla í kjölfar ódæðisins. **– smj**

# Vill lækka laun sín í 2,1 milljón eftir gagnrýni

Laun bæjarstjóra Kópavogs sættu harðri gagnrýni fyrir kosningar eftir að hafa hækkað um 32 prósent milli ára. Leggur nú til að laun hans og bæjarfulltrúa Kópavogs lækki um 15 prósent. Verður áfram næstlaunahæsti bæjarstjórinn.

**KJARAMÁL** „Þetta er í þá átt sem rætt var um í aðdraganda síðustu kosninga,“ segir Birkir Jón Jónsson, formaður bæjarráðs Kópavogs, um tillögu Ármanns Kr. Ólafssonar bæjarstjóra um að lækka laun bæjarstjóra og kjörinna fulltrúa bæjarins um 15 prósent.

Tillagan kemur í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins um launaskrið bæjarstjórans en launin hækkuðu um 612 þúsund krónur á mánuði milli áranna 2016 og 2017. Sem bæjarfulltrúi og bæjarstjóri er Ármann með tæpar 2,5 milljónir króna í laun á mánuði, nokkuð sem gagnrýnt hefur verið harðlega, meðal annars af Birki Jóni.

Fyrir kosningar sendi Birkir frá sér yfirlýsingu um að laun bæjarstjórans hefðu keyrt fram úr öllu hófi og að hann myndi beita sér fyrir því að þau yrðu endurskoðuð og lækkuð á nýju kjörtímabili. Svo fór að Birkir Jón myndaði sem oddviti Framsóknarflokksins meirihluta með Sjálfstæðisflokki Ármanns Kr. í bænum. Birkir Jón tiltók hins vegar aðeins kjör bæjarstjóra, ekki bæjarfulltrúa.

En í ljósi þess að gagnrýnin sneri öll að launakjörum bæjarstjórans, er virkilega þörf á að lækka laun bæjarfulltrúa líka?

„Það er eitthvað sem forsætisnefnd og allir kjörnir fulltrúar þurfa að skoða í framhaldinu. Ég hef sagt að það sé rétt að skoða þessa hluti í samhengi við önnur sveitarfélög og við erum rétt að hefja það samtal,“ segir Birkir Jón.

Í tillögu bæjarstjórans, sem hann segir vera til að svara gagnrýni á launakjör bæjarstjórnenda, er gert ráð fyrir 15 prósenta lækkun launa en líkt og Fréttablaðið greindi frá hækkuðu laun hans um 32,7 prósent milli áranna 2016 og 2017. Nái lækkunin fram að ganga þýðir það að mánaðarlaun Ármanns, sem bæjarstjóra og bæjarfulltrúa, lækka um 347 þúsund krónur á mánuði. Mánaðarlaun bæjarstjórans færu því úr tæpum 2,5 milljónum í rúmlega 2,1 milljón. Það gerir hann, eftir sem áður, að næstlaunahæsta bæjarstjóra landsins. Aðeins Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, fær greidd hærri laun fyrir starfið. Algeng laun bæjarstjóra á Íslandi eru á bilinu 1,5 til 1,7 milljónir á mánuði. **mikael@frettabladid.is**



**Ármann Kr., bæjarstjóri Kópavogs, vill lækka laun sín og bæjarfulltrúa um 15 prósent. Laun hans hækkuðu um 32,7 prósent.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Ég hef sagt að það sé rétt að skoða þessa hluti í samhengi við önnur sveitarfélög.
>
> Birkir Jón Jónsson, formaður bæjarráðs í Kópavogi




HM VEISLA Grillbúðin



Frá Þýskalandi LANDMANN Your World of BBQ

POWER PTS THERMAL SPREADING SYSTEM

Verð áður 89.900

64.900

Þýsk gæði í 50 ár

• Afl 13,4 KW
• 3 brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr Pottjárni
• Rafkveikja
• Tvöfalt einangrað lok
• Stór efri grind
• Gashella í hliðarborði
• Hitamælir
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
• Grillflötur 58 x 46 cm
• Örugg varahlutaþjónusta

Opið virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400

# **GARÐHÚSGÖGN** OG **SESSUR**

# 20-60%

%

%

**SUMAR-ÚTSALA**

**OG ÖNNUR GÓÐ TILBOÐ**

%

%



## ÖLL **HÚSGÖGN***

# 20%



***GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM**
***GILDIR 29.06 - 01.07**

## ÖLL **TJÖLD**
## ALLIR **SVEFNPOKAR***

# 20%



**RÚMFATA LAGERINN**

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**VEFVERSLUN**
**WWW.RFL.IS**
**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**

***GILDIR 29.06 - 01.07**

# Tveir sakborninga neituðu sök í innherjasvikamálinu í Icelandair

**DÓMSMÁL** Kjartan Bergur Jónsson, fyrrverandi forstöðumaður leiðastjórnunarkerfis Icelandair, og Kjartan Jónsson, neituðu sök við þingfestingu sakamáls héraðssaksóknara gegn þeim í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Fyrrnefndi maðurinn, Kjartan Bergur, er grunaður um að hafa látið af hendi innherjaupplýsingar til annars manns, Kristjáns Georgs Jósteinssonar, sem síðar notfærði sér upplýsingarnar til að hagnast á viðskiptum

**Sakborningarnir eru sagðir hafa misnotað trúnaðarupplýsingar til að græða á hlutabréfum í Icelandair.**

með hlutabréf í Icelandair. Kristján Georg var ekki viðstaddur þingfestinguna í gær og liggur afstaða hans til sakarefnisins því ekki fyrir.

Kristján er einnig ákærður fyrir að hafa látið Kjartan hinn síðari hafa upplýsingarnar og ráðlagt honum



Kjartan Bergur Jónsson fyrir þingfestingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

eða hvatt hann til að eiga viðskipti með hluti í Icelandair á grundvelli upplýsinga sem Kjartan Bergur veitti honum.

Kjartan Bergur er sakaður um innherjasvik með háttsemi sinni en Kristján ýmist fyrir innherjasvik eða hlutdeild í innherjasvikum. Kjartan er síðan ákærður fyrir hlutdeild í innherjasvikum.

Auk mannanna þriggja er félaginu Fastrek ehf., sem áður hét VIP Travel ehf., ákært í málinu en samkvæmt ákæru á Kristján Georg að hafa nýtt sér félagið til viðskipta með hluti í Icelandair.

Talið er að hagnaður vegna þeirra viðskipta sem ákært er fyrir nemi rúmri 61 milljón króna. Þess er krafist að mennirnir verði dæmdir til refsingar og upptöku fjármuna.

Næsta fyrirtaka í málinu verður þann 21. september en að henni lokinni verður ákærðu gefinn frestur til að skila greinargerð með vörnum sínum í málinu. – jóe



Forsetar Bandaríkjanna og Rússlands ræða málin í júlí. NORDICPHOTOS/AFP

## Trump og Pútín funda í Helsinki

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti og Vladímír Pútín, forseti Rússlands, eiga leiðtogafund í Helsinki 16. júlí. Þetta verður fyrsti formlegi fundur þeirra.

Boðun fundarins fellur í grýttan jarðveg í Bandaríkjunum. Helstu njósna- og leyniþjónustustofnanir þar hafa fullyrt að rússnesk yfirvöld og aðilar þeim tengdir hafi freistað þess að hafa áhrif á niðurstöðu forsetakosninganna árið 2016.

Líklegt þykir að öryggismál og almennar friðarviðræður verði meginstef fundarins. Yfirvöld bæði í Washington og í Moskvu segja þó ólíklegt að afgerandi niðurstaða eða samkomulag náist. – khn

## Dvalarheimili í góðum plús

**RANGÁRÞING EYSTRA** Rekstur hjúkrunar- og dvalarheimilisins Kirkjuhvols á Hvolsvelli skilaði 45 milljóna króna hagnaði í fyrra.

„Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með rekstrarniðurstöðuna og færir hjúkrunarforstjóra og starfsfólki þakkir sínar,“ bókaði sveitarstjórn Rangárþings eystra af þessu tilefni.

Rekstur Kirkjuhvols hófst 1985. „Á Kirkjuhvoli er einstaklingsmiðuð þjónusta og leggur starfsfólk metnað sinn í að borin sé virðing fyrir einstaklingnum og fjölskyldu hans og að heimilismenn megi njóta sjálfstæðis, virkni, lífsgleði og reisnar allt til æviloka,“ segir á heimasíðu sveitarfélagsins. – gar

# Vonbrigði með synjun Alþingis

**Sýrlenskt flóttafólk á Akureyri er vonsvikið eftir að hafa ekki fengið ríkisborgararétt í vor og furðar sig á ógegnsæi ferlisins. Alþingismaður segir ástæður fyrir því að ferlið er jafn ógegnsætt og raun ber vitni.**



Bæjarstjórinn á Akureyri tók á móti þremur fjölskyldum frá Sýrlandi í janúar 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**SAMFÉLAG** Flóttafólk, sem kom til Íslands frá Sýrlandi í boði stjórnvalda í janúar 2016, er vonsvikið með að hafa ekki fengið ríkisborgararétt með lögum frá Alþingi í vor.

„Þau náðu íslenskuprófinu og skiluðu inn þartilgerðum pappírum en fengu neitun, öll sem eitt,“ segir Jóhanna Bergsdóttir, sálfræðingur á Akureyri. Hún segir fólkið vonsvikið, ekki síst vegna þess að meðal þeirra sem fengu ríkisborgararétt er fólk sem kom ólöglega til landsins frá svipuðum slóðum, þrátt fyrir að hafa verið hér skemur en þau. „Þau samgleðjast þeim auðvitað en eru á sama tíma sár og vonsvikin.“

Auk hefðbundnu leiðarinnar til að öðlast ríkisborgararétt að uppfylltum skilyrðum getur Alþingi veitt nafngreindum einstaklingum ríkisborgararétt með lögum og er slík lagasetning ekki háð neinum sérstökum skilyrðum. Sækja þarf um til Útlendingastofnunar og er umsóknum vísað til sérstakrar nefndar þriggja alþingismanna sem heyrir undir allsherjar- og menntamálanefnd. Nefndin gerir svo tillögu til allsherjarnefndar sem leggur fram frumvarp með lista með nöfnum, aldri og þjóðerni þeirra sem lagt er til að fái ríkisborgararétt. Engin greinargerð fylgir og hefð er fyrir því að frumvarpið fari í gegnum þingið athugasemda- og orðalaust.

Um undirnefndina sjálfa og störf hennar gilda heldur engar reglur. „Ekki nóg með að engar skráðar reglur gildi um störf nefndarinnar

> **Það getur vegið þungt hvort viðkomandi er í raunverulegri hættu á að vera vísað úr landi.**
>
> Helgi Hrafn Gunnarsson



heldur byrjar alltaf hver undirnefnd upp á nýtt og hefur engin fordæmi við að styðjast,“ segir Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, sem sat í undirnefndinni árin 2013 til 2016.

„Þegar ég var í þessu höfðum við engin fordæmi og engar upplýsingar um ákvarðanir fyrri nefnda og enga reynslu í þessu. Við bjuggum hins vegar til viðmiðanir fyrir okkur sjálf til að hafa eitthvert samræmi í ákvörðunum. Það koma auðvitað inn í þetta alls konar sanngirnissjónarmið og aðstæður sem er ekkert hægt að meta öðruvísi en huglægt, en við reyndum að draga úr því eins og við gátum.

Eitt sjónarmið sem vegið getur þungt til dæmis er hvort viðkomandi sé í raunverulegri hættu á að vera vísað úr landi,“ segir Helgi Hrafn og bendir á að flóttafólk hér á landi búi við misörugg dvalarleyfi. Þeir sem hafa dvalarleyfi af mannúðarástæðum eins og kvótaflóttafólkið er þannig í öruggara skjóli en margir aðrir sem hafa tímabundið dvalarleyfi.

Helgi segist vel skilja athugasemdir sem gerðar hafa verið við hve ógegnsætt þetta ferli er.

„Þetta er í rauninni það agalega við þessa nefnd. Hún gefur aldrei neinar skýringar eða rökstuðning og nefnd næsta kjörtímabils hefur engin fordæmi að styðjast við og öllum gögnum er hent. Þetta veldur því að fólk gefur sér að þarna sé eitthvert fúsk á ferðinni, sem það er alls ekki. Það hefur allavega farið fram hjá mér ef svo er.“

Helgi segir þessa nefnd þurfa að fást við mjög persónuleg mál og oft viðkvæmar persónuupplýsingar og það hafi í för með sér þetta ógegnsæi. Vegna þess hve persónuleg mál búa að baki fái aðrir þingmenn en nefndarmennirnir þrír heldur engar upplýsingar um þá einstaklinga sem fá ríkisborgararétt eftir þessari leið. Helgi segir ferlið ekki fullkomið en varasamt sé hins vegar að setja undirnefndinni skorður enda geti verið erfitt að sjá fyrir allar mögulegar aðstæður sem kallað geti á að Alþingi stígi inn í og veiti einstaklingum þá sérstöku vernd sem ríkisborgararéttur veiti. adalheidur@frettabladid.is





Sértilboð á skrúfupressum

| | |
|---|---|
| Skrúfupressa 5,5kw 670 ltr. á mínútu | 290.000 án/vsk |
| Skrúfupressa 7,5kw 950 ltr. á mínútu | 390.000 án/vsk |
| Skrúfupressa 11kw 1.500 ltr. á mínútu | 530.000 án/vsk |
| Skrúfupressa 15kw 2.250 ltr. á mínútu | 590.000 án/vsk |

LOFT & RAFTÆKI

Hjallabrekka 1 - 564 3000 - www.loft.is - loft@loft.is

MEISTARAVERK

傑作

Orðið Takumi merkir handverksmeistari. Til þess að geta kallað þig Takumi þarftu að sýna fram á næmt auga fyrir smáatriðum, ómælda sköpunargleði og óbilandi trú á því að ekkert nema fullkomnun sé nógu gott. Lexus er öll þessi hugmyndafræði í verki.

ÚTHUGSUÐ SMÁATRIÐI SKAPA EINSTAKA HEILD




NX 300h frá 7.540.000 kr.

SPORTJEPPI

5 ára ábyrgð og 2 ára þjónustupakki með öllum Lexus bílum

Lexus-Ísland – Kauptúni 6, Garðabæ, 570 5400 – lexus.is

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

# Yfirvinnubann ljósmæðra er nú í kortunum

**KJARAMÁL** Engin niðurstaða varð á fundi samninganefnda Ljósmæðrafélags Íslands og ríkisins hjá Ríkissáttasemjara í gær. „Þetta var stuttur fundur og innihaldsrýr. Það voru svolítið skilaboð samninganefndar ríkisins að við værum komin á byrjunarreit,“ segir Katrín Sif Sigurgeirsdóttir, formaður samninganefndar Ljósmæðrafélagsins.

Katrín segir að ekkert nýtt hafi komið frá samninganefnd ríkisins. „Það hefur verið boðaður nýr fundur á fimmtudaginn í næstu viku.“

Katrín segir ekki bjart yfir í augnablikinu. „Ríkisstjórnin þarf að fara að axla ábyrgð á þessari grafalvarlegu stöðu.“

Atkvæðagreiðsla um yfirvinnubann ljósmæðra stendur nú yfir og verður niðurstaðan ljós á sunnudaginn. Katrín segist reikna með því að það verði samþykkt enda hafi um 90 prósent verið því fylgjandi í óformlegri könnun sem Ljósmæðrafélagið gerði. „Það er því mjög líklegt að yfirvinnubann verði boðað á mánudaginn sem tæki þá gildi um miðjan júlí.“

Landspítalinn hefur sett upp sérstaka aðgerðaáætlun til að bregðast við uppsögnum tólf ljósmæðra sem taka gildi 1. júlí næstkomandi.

Í yfirlýsingu frá Landspítalanum segir að ljóst sé að mikil truflun verði á starfsemi fæðingarþjónustu. Aukin samvinna milli deilda spítalans hefur verið undirbúin og aðrar heilbrigðisstofnanir og heilsugæslan hafa samþykkt að veita aukna þjónustu. – **sar**

## Haustfílingur á HM torginu




**Það var hráslagalegur haustfílingur yfir HM torginu í Reykjavík þegar leikur Englands og Belgíu fór fram í gærkvöldi. Þó nokkrir grjótharðir knattspyrnuunnendur létu sig þó hafa vosbúðina til að sjá Belga leggja Englendinga að velli 1-0 og tryggja sér toppsæti G-riðils.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI





11 daga ferð og 8 daga sigling
með Adventure Of The Seas

Heimsferðir eru stolt að kynna nýjar siglingar á frábæru verði með Royal Carribean skipafélaginu sem hefur unnið verðlaun ár eftir ár. Í þessari einstöku siglingu á nýuppgerðu skipi félagsins Adventure of the seas ætti engum að leiðast enda engu til sparað og öll upplifun fyrsta flokks.

Flogið til Orlandi í beinu flugi báðar leiðir með Icelandair og gist í 2 nætur á The Florida Hotel & Conference Center í Orlando. Siglt er suður um Karíbahaf í 8 nætur með viðkomu á Hahiti, Puerto Ruco, St. Martin, St.Kitts & Nevis áður er haldið er til baka til Ft.Lauderdale. Eftir siglingu er gist í 1 nótt á The Florida Hotel áður en haldið er heim á ný með Icelandair.

Adventure of the Seas er eitt af nýuppgerðu skipum Royal Caribbean með öllu því flottasta eins og vatnsrennibrautir og vatnasvæði.

Nánar um ferðina finnur þú á vef okkar:
**www.heimsferdir.is**



Siglum um heimsins höf saman með frábærum fararstjóra okkar Vilborgu Halldórsdóttur

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

595 1000 • heimsferdir.is Heimsferðir


# Almenningssamgöngur fötluðum vart valkostur

**Svo virðist sem almenningssamgöngur hér séu ónothæfar fyrir fatlað fólk vegna skorts á aðgengi, þrátt fyrir lagaákvæði um jafnan rétt þessa hóps til að nýta sér þennan kost. Formenn Öryrkjabandalagsins og Sjálfsbjargar krefjast úrbóta.**

**SAMGÖNGUMÁL** Sjálfsbjörg og Öryrkjabandalag Íslands krefjast þess að samgönguráðuneytið, Vegagerðin og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum geri hreyfihömluðum kleift að nota almenningssamgöngur frá Reykjavík að Keflavíkurflugvelli. Nú sé sú leið ófær og benda félögin á að þetta samrýmist ekki lögum um farþegaflutninga.

„Út frá samningi SÞ og réttindum fatlaðs fólks eigum við að hafa jafna möguleika. Það er því eðlilegt að við getum einnig komist milli Reykjavíkur og Keflavíkur eins og aðrir. Rekstraraðilinn verður að sjá til þess. Hann verður að gera ráð fyrir að allir geti notað þetta,“ segir Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalagsins.

Um mitt ár 2017 voru sett ný lög um farþegaflutninga og farmflutninga á landi. Þau lög fólu í sér innleiðingu Evrópulöggjafar um réttindi farþega í hópbifreiðum. Með gildistökunni jukust kröfur til sérleyfishafa og rekstraraðila almenningssamgangna um aðgengi fyrir fatlaða og hreyfihamlaða. Þessi breyting felur einnig í sér að tryggja skuli aðgengi fatlaðra að stoppistöðvum og þjónustumiðstöðvum fyrir almenningssamgöngur.

„Nauðsynlegt er að gera allar almenningssamgöngur aðgengilegri öllum. Fólk með hreyfihömlun má ekki verða útundan í uppbyggingu góðra almenningssamgangna,“ segir Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra.

Fyrir gildistöku þessara laga var hvergi að finna í löggjöf hér á landi skýr ákvæði um rétt fólks með fötlun til aðgengis almenningssamgangna. Að mati þessara félaga var afleiðingin sú að aðgengi fólks með fötlun sat á hakanum þar sem um kostnaðarsamt úrræði væri að ræða og hagsmuna þeirra til að nýta sér almenningssamgöngur ekki gætt.

„Flutningsaðilum er gert skylt að taka tillit til þarfa hreyfihamlaðra þar sem því verður við komið. Þegar teknar eru ákvarðanir um búnað í nýjum eða nýlegum ökutækjum,“ bætir Bergur Þorri við. „Þetta felur hreinlega í sér að frá og með 1. júní í fyrra, þegar lögin tóku gildi, er aðilum sem reka almenningssamgöngur óheimilt að kaupa inn ný ökutæki án þess að þau séu þannig búin að aðgengi fyrir fatlaða og hreyfihamlaða sé tryggt.“

sveinn@frettabladid.is



**Svo virðist vera sem almenningssamöngur frá höfuðborginni suður til Keflavíkurflugvallar séu ekki gerðar fyrir fatlað fólk.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Fólk með hreyfihömlun má ekki verða útundan í uppbyggingu góðra almenningssamgangna.**
>
> Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar



> **Út frá samningi SÞ og réttindum fatlaðs fólks eigum við að hafa jafna möguleika.**
>
> Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalagsins



# LUKKU TÍVOLÍS

## SNÚÐU Á HEPPNINA Á OLÍS

ALLIR VINNA SEM SNÚA

FULLT AF VINNINGUM

ÖLL BÖRN FÁ ÍS*



AÐALVINNINGUR
1.000.000 VILDARPUNKTAR
ICELANDAIR

* á meðan birgðir endast

Á FÖSTUDÖGUM Í SUMAR, LUKKUHJÓL OLÍS VERÐUR Á VÖLDUM STÖÐVUM MILLI KL. 15 OG 17. ÓTAL SPENNANDI VINNINGAR Í BOÐI.

NÁNAR Á OLIS.IS/TIVOLIS

FÖS. 29.JÚNÍ FRÁ KL. 15–17

NORÐLINGAHOLT
BORGARNES
SELFOSS

olís

# Ástand heimsins










**1.** Rússneskri Soyuz-geimflaug var skotið á loft í Kasakstan í gær. Um borð voru þrír geimfarar sem munu dvelja í Alþjóðlegu geimstöðinni ISS næstu mánuði. Einn Bandaríkjamaður, ásamt rússneskum geimfara og öðrum frá Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

**2.** Stuðningsmenn Andres Manuel Lopez Obrador, forsetaframbjóðanda í Mexíkó, fjölmenntu út á götur Mexíkóborgar til stuðnings sínum manni í aðdraganda kosninganna þann 1. júlí. NORDICPHOTOS/GETTY

**3.** Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdaráðs Evrópusambandsins, fór mikinn þegar hann ræddi við blaðamenn í Brussel í gær þar sem leiðtogar ESB funduðu um Brexit og flóttamannamál. NORDICPHOTOS/AFP

**4.** Bandaríska jarðvísindastofnunin náði þessari mynd ef eldgosinu í Kilauea-fjalli á Havaí þar sem kvikutaumar og hafið mætast. NORDICPHOTOS/GETTY

**5.** Sýrlensk börn í flóttamannabúðum í bænum Zahle í Líbanon leika við kettling. Talið er að rúmlega 50 þúsund börn hafi á fæðst í útlegð á síðustu árum. NORDICPHOTOS/AFP






# STÓRLEIKURINN ER Í BÍLALANDI

**Þeir sem komast ekki til Rússlands skella sér bara á Stórleikinn í Bílalandi. Við spilum á gríðarsterkum hóp tilboðsbíla í öllum stöðum og stærðum og allir í sínu besta formi.**

## KAUPAUKI!

**LG 55" UHD SJÓNVARP**
**fylgir fánamerktum bílum í júní!**



**FYRIRLIÐI VIKUNNAR** Rnr. 331166
NISSAN Qashqai Visia 4wd
Ekinn 45 þ.km, dísil, beinskiptur
Nýskr. 07/15
Verð: 3.290 þús. kr. BOLTAVERÐ: **2.790 þús. kr.**



**www.bilaland.is**
**OPIÐ Á LAUGARDAG FRÁ 12–16**



**RENAULT Clio Expr. Sport Tourer**
Nýskr. 11/14, ekinn 43 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 1.790 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**1.390 þús. kr.**
Rnr. 370815



**VW Passat Variant Highline**
Nýskr. 03/12, ekinn 154 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.690 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**1.290 þús. kr.**
Rnr. 144677



**FORD Focus Electric**
Nýskr. 09/14, ekinn 56 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð 1.990 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**1.690 þús. kr.**
Rnr. 145062



**FORD Mondeo**
Nýskr. 09/14, ekinn 59 þ.km,
bensín, beinskiptur.
**Verð 2.990 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**1.990 þús. kr.**
Rnr. 144780



**NISSAN Juke Acenta 2WD**
Nýskr. 06/17, ekinn 6 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.390 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**2.990 þús. kr.**
Rnr. 370900



**TOYOTA Rav4 GX**
Nýskr. 05/16, ekinn 95 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.690 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**3.290 þús. kr.**
Rnr. 144889



**NISSAN X-Trail Acenta 4WD**
Nýskr. 06/16, ekinn 40 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 3.890 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**3.290 þús. kr.**
Rnr. 331044



**BMW 2 218D Active Tourer**
Nýskr. 05/16, ekinn 21 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.790 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**3.290 þús. kr.**
Rnr. 370877



**RENAULT Talisman Sport Tourer**
Nýskr. 05/17, ekinn 22 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 3.290 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**2.890 þús. kr.**
Rnr. 144528



**TOYOTA Rav4 VX Diesel**
Nýskr. 07/15, ekinn 38 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.790 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**4.390 þús. kr.**
Rnr. 410030

ENNEMM / SÍA / NM88905

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
www.facebook.com/bilaland.is

**Opið frá kl. 9–18 og**
**á laugardögum frá kl. 12–16.**

**bílaland**
**„Áfram Bílaland!“**



Zika-veiran. Grænu punktarnir eru lykkjur fjölsykra. FRÉTTABLAÐIÐ/PURDUE

## Zika-veiran mynduð í návígi

**VÍSINDI** Vísindamenn við Purdue-háskóla í Bandaríkjunum hafa fangað einstakar myndir af Zika-veirunni, sem olli faraldri í Suður-Ameríku árið 2015 og meiriháttar fæðingargöllum hjá þúsundum barna.

Vísindamenn hafa hingað til ekki getað stuðst við ítarlega mynd af ytra byrði veirunnar en vonast er til að þessar nýju upplýsingar muni leiða til uppgötvunar nýrra lyfjamarka og í kjölfarið betri meðferða við Zika-smiti.

Þessi ítarlega mynd af Zika-veirunni fékkst í gegnum rafeindasmásjá. Með því að skjóta rafeindum, sem hafa styttri bylgjulengd en sýnilegt ljós, í gegnum efniseindir er hægt að greina minnstu smáatriði, og það heppnaðist í tilrauninni við Purdue-háskóla.

Niðurstaðan er nákvæmasta mynd sem tekin hefur verið af ytri skel veiru. Nú þegar hefur myndgreiningin leitt í ljós að lykkjur fjölsykra á yfirborði veirunnar orsaka sum einkenni Zika-smits.

Zika er svokölluð flavi-veira, líkt og beinbrunasótt og heilasótt, en með því að bera saman ítarlegar myndir af veirunum sáu vísindamenn afar mismunandi birtingarmyndir lykkjanna og gæti það útskýrt af hverju Zika veldur jafn skelfilegum einkennum og raun ber vitni.

Tilfellum Zika-sýkinga hefur farið fækkandi í Suður-Ameríku undanfarin misseri. Engu að síður eru nokkrir hópar vísindamanna sem vinna nú að þróun bóluefnis. Sú ítarlega mynd sem nú er til af veirunni er sögð skipta sköpum í því kapphlaupi. – khn

# Ákvörðun Kennedys sending af himnum fyrir Repúblikana

**Það stefnir í hörð átök í bandarískum stjórnmálum í kjölfar ákvörðunar hæstaréttardómarans Anthonys Kennedy um að láta af störfum í sumar. Friðjón R. Friðjónsson, almannatengill og áhugamaður um bandarísk stjórnmál, segir ákvörðunina himnasendingu fyrir Repúblikana. Reiknað er með skipun íhaldsmanns.**



Anthony Kennedy hefur stutt réttindi samkynhneigðra, rétt kvenna til fóstureyðinga og réttindi fanga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BANDARÍKIN** Anthony Kennedy, dómari við hæstarétt Bandaríkjanna, hefur tilkynnt að hann muni láta af störfum þann 31. júlí næstkomandi. Kennedy hefur undanfarinn áratug verið í oddastöðu milli hins frjálslynda hluta og hins íhaldssama hluta réttarins.

Friðjón R. Friðjónsson, almannatengill og áhugamaður um bandarísk stjórnmál, segir þetta himnasendingu fyrir Repúblikana fyrir kosningarnar í nóvember en þá verður meðal annars kosið um 33 sæti af 100 í öldungadeild bandaríska þingsins. Kjarnafylgi flokksins hafi hingað til ekki verið mjög áhugasamt um kosningarnar en þetta mál gæti breytt því.

Repúblikanar hafa nú 51 sæti í öldungadeildinni sem þarf að staðfesta tilnefningu forsetans á nýjum hæstaréttardómara. Ljóst er að Donald Trump mun nota tækifærið og tilnefna íhaldssaman dómara og hefur hann talað um að hann vilji fá dómara sem geti setið í réttinum næstu 40 til 45 árin.

„Demókratar munu reyna allt til að stoppa tilnefninguna fram yfir kosningarnar í nóvember. Ef þeir hins vegar tefja málið hafa Repúblikanar gott vopn í kosningunum í íhaldssömum fylkjum,“ segir Friðjón. Hann telur að þótt meirihluti Repúblikana sé tæpur verði hart sótt að Demókrötum þar sem þeir eigi nú stærstan hluta þeirra sæta sem kosið verður um.

„Mögulega getur farið svo að hæstiréttur verði þó nokkuð mikið íhaldssamari en bandarískur almenningur. Það getur orðið ákveðið rof þarna á milli, sem er áhyggjuefni. Það er hætta á því að almenningur líti á hæstarétt sem öldungaráð sem sé ekki í tengslum við almenning.“ Friðjón telur þó að Trump muni tilnefna einstakling sem hafi óvefengjanlega hæfileika til að sitja í hæstarétti þótt hann hafi íhaldssamar skoðanir.

**» Repúblikanar hafa nú 51 sæti í öldungadeildinni sem þarf að staðfesta tilnefningu forsetans á nýjum hæstaréttardómara. Ljóst er að Donald Trump mun nota tækifærið og tilnefna íhaldssaman dómara og hefur hann talað um að hann vilji fá dómara sem geti setið í réttinum næstu 40 til 45 árin.**

Níu dómarar eiga sæti í hæstarétti Bandaríkjanna. Af þeim sem nú skipa réttinn voru fimm skipaðir af forsetum úr röðum Repúblikana og fjórir af forsetum úr röðum Demókrata.

Kennedy, sem verður 82 ára nokkrum dögum áður en hann lætur af embætti, hefur verið hæstaréttardómari frá 1988. Hann hefur lengstan starfsaldur af núverandi dómurum en hann var skipaður í forsetatíð Ronalds Reagan.

Hann hefur meðal annars stutt hinn frjálslynda hóp réttarins í málum sem tengjast réttindum samkynhneigðra, rétti kvenna til fóstureyðinga, dauðarefsingum og réttindum fanga sem var haldið án ákæru í fangabúðunum í Guantanamo.

Hins vegar hefur Kennedy stutt íhaldssama hlutann í málum sem snúa að byssueign, takmörkun á reglum um fjárframlög til kosningabaráttu og í ákvörðunum sem höfðu mikil áhrif á úrslit forsetakosninganna árið 2000.

sighvatur@frettabladid.is




Sumarsmellur!
20-50%
AFSLÁTTUR
SUMARBLÓM, FJÖLÆRINGAR, RÓSIR, TRÉ, RUNNAR,
MATJURTIR, ÁVAXTATRÉ, BERJARUNNAR,
POTTAPLÖNTUR, FRÆ, TJARNARVARA,
GARÐHÚSGÖGN OG ALLAR SLÁTTUVÉLAR
50-90%
AFSLÁTTUR AF FULLT
AF FRÁBÆRUM VÖRUM
Á MARKAÐSTORGINU
GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Allt undir



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Stofnun evrópska myntbandalagsins átti að skapa aukinn stöðugleika. Þegar evran var kynnt til sögunnar var því haldið fram – þvert á mótbárur flestra hagfræðinga – að samleitni í hagkerfum þeirra þjóðríkja sem hefðu evru sem gjaldmiðil ætti eftir að aukast. Sú spá rættist ekki. Alþjóðlega fjármálakreppan, sem opinberaði meiriháttar byggingargalla á evrusvæðinu, markaði endalokin á þeirri þróun, og samtímis upphafið að vaxandi sundurleitni. Þannig hefur landsframleiðsla á mann í Þýskalandi, svo dæmi sé tekið, aukist meira en 20 prósent hraðar hlutfallslega en á Ítalíu frá 2008.

Þótt tekist hafi að binda enda á langa stjórnarkreppu um síðustu mánaðamót með myndun ríkisstjórnar Fimmstjörnuhreyfingarinnar og Bandalagsins þá beinist kastljós fjárfesta enn sem fyrr að Ítalíu. Fæstir hafa trú á að efnahagstillögur stjórnvalda verði til þess fallnar að sefa þær áhyggjur í bráð. Vandi Ítalíu er vel þekktur. Skuldir ríkisins nema 130 prósentum af landsframleiðslu og fjárlagahallinn er um sex prósent. Ósveigjanlegur vinnumarkaður og lítil framleiðni hefur þýtt sífellt þverrandi samkeppnishæfni. Þá er bankakerfi landsins, sem á enn langt í land með að afskrifa að fullu vandræðalán á bókum sínum, í reynd gjaldþrota. Það væri einföldun að gera evruna alfarið að blóraböggli fyrir þessum djúpstæða efnahagsvanda heldur eru orsakirnar fremur heimatilbúnar – ömurleg hagstjórn, viðvarandi pólitískur óstöðugleiki og vanvirkt stjórnkerfi. Fram hjá því verður samt ekki horft að það mun reynast þrautin þyngri að endurreisa samkeppnishæfni hagkerfisins á meðan ekki er hægt að aðlaga gengið undirliggjandi efnahagsstöðu. Í spennitreyju ófullburða myntbandalags er það ekki valkostur.

Þýðir þetta að Ítalir kunni að freistast til að segja skilið við evruna í nánustu framtíð? Tæplega. Það er of mikið undir. Ljóst er hins vegar að líkur á slíkri atburðarás hafa aukist síðustu misseri, að mati fjárfesta og markaðsaðila, sem endurspeglast í þeirri staðreynd að ójafnvægi innan stórgreiðslukerfis Evrópska seðlabankans – betur þekkts sem Target2 – hefur farið stigvaxandi á ný. Í lok síðasta mánaðar átti þannig Seðlabanki Þýskalands tæplega 1.000 milljarða evra kröfu á Evrópska seðlabankann sem aftur byggist á kröfum á seðlabanka verst stöddu aðildarríkjanna. Þar munar mest um 500 milljarða evra skuld Seðlabanka Ítalíu. Komi til greiðsluþrots og brotthvarfs Ítalíu úr evrusvæðinu gæti sú staða komið upp að þýskir skattgreiðendur þyrftu að taka reikninginn á sig. Þetta vita ítalskir ráðamenn mætavel og það kann að styrkja samningsstöðu þeirra gagnvart Brussel.

**Ólíkt Grikklandi er Ítalía burðarríki Evrópusambandsins og þriðja stærsta hagkerfi álfunnar.**

Ítalía er veikasti hlekkur myntbandalagsins. Ólíkt Grikklandi er Ítalía burðarríki Evrópusambandsins og þriðja stærsta hagkerfi álfunnar – útganga þess úr evrusvæðinu er því nánast óhugsandi enda yrðu afleiðingarnar fyrir alþjóðahagkerfið líklega skelfilegar. Hvað er til ráða? Minni viðskiptaafgangur kjarnaríkjanna myndi hjálpa og draga úr ójafnvægi á evrusvæðinu. Slík kerfisbreyting á efnahagsstefnu Þýskalands er hins vegar ólíkleg. Ítalir hafa því þann eina kost að ráðast í kerfislægar umbætur til að auka framleiðni og sveigjanleika á vinnumarkaði. Takist það ekki er allt evrusvæðið undir.

## Halldór







## Frá degi til dags

**Lesskilningurinn**
**Vigdís Hauksdóttir, fyrrverandi þingmaður og borgarfulltrúi Miðflokksins, bætti gullkorni í bankann í gær. Þá tísti hún um nýja framtíðarsýn Vegagerðarinnar á umferðarmannvirki borgarinnar og sagði að þar væri ekki eitt orð um borgarlínu. Hefði hún hins vegar lesið efnisyfirlitið hefði hún séð að heill kafli í greinargerðinni er tileinkaður rafmagnsstrætókerfinu sem borgarlína verður. Þetta fer rakleitt á topp fimm lista yfir bestu ummæli Vigdísar. Hin fern eru vafalaust þegar hún kastaði steinum úr steinhúsi, afboðaði því miður forföll, sjálfstjórnarhéraðið Malta og þegar hún líkti Candy Crush við skák.**

**Stjórnvaldið**
**Sem frægt er orðið telur hið brátt sáluga kjararáð sig ekki stjórnvald heldur einhvers konar kóng í eigin ríki. Í fyrradag var ráðið brókað af úrskurðarnefnd um upplýsingamál og í gær bætti fjármála- og efnahagsráðherra um betur. Í svari við skriflegri fyrirspurn Píratans Björns Levís Gunnarssonar sagði ráðherra að hann teldi ráðið tvímælalaust vera sjálfstæða stjórnsýslunefnd og þar með stjórnvald. Það hefði verið slíkt frá árinu 2006 og það hefði ekki breyst með nýju lögunum sem tóku gildi í fyrra. Nú er bara að sjá hvort fleiri taki sig til og sparki í ráðið meðan það liggur banaleguna.** joli@frettabladid.is

# Mannvonskan og vanhæfnin



Guðmundur Andri Thorsson
þingmaður Samfylkingarinnar

Bandaríski þingmaðurinn Elisabeth Warren fór nýlega og skoðaði með eigin augum þær martraðarkenndu búðir sem Trumpstjórnin í Bandaríkjunum hefur búið nauðleitarfólki í Bandaríkjunum. Lýsingarnar eru ægilegar. Fólk hefst við í daunillum vistarverum, er hreinlega hneppt í fangelsi. Og hefur það til saka unnið að trúa á ameríska drauminn. Börn eru höfð í búrum. Þau hafa verið rifin frá fjölskyldum sínum – mæðrum sínum, feðrum og systkinum – án þess að víst sé að fjölskyldurnar nái að sameinast á ný í þeim glundroða sem þar ríkir, nema ef til vill hugsanlega ef fólk gefur upp á bátinn öll borgaraleg réttindi. Í störfum Trumpstjórnarinnar fylgjast ófrávíkjanlega að mannvonskan og vanhæfnin.

Jarðarbúar standa frammi fyrir ógurlegum vanda, meiri en nokkru sinni í minni mannkyns. Loftslagsbreytingar af manna völdum leiða til þess að lönd verða óbyggileg sökum þurrka og flóða. Milljónir manna fara á vergang. Tekist verður á um aðgang að einföldum gæðum sem við hér álítum sjálfsögð á borð við vatn, húsaskjól og hreint loft í meiri mæli en við höfum áður séð. Því verri sem loftslagsvandinn verður þeim mun ægilegri verður flóttamannavandinn. Ætlum við að nota aðferðir Donalds Trump til að takast á við þann vanda? Loka öllu, vígbúast, sundra fjölskyldum, loka okkur af og loka þau inni? Það mun þýða allsherjar vargöld og stríð um alla Jörð. Ætlum við að nota aðferðir Donalds Trump við að takast á við loftslagsvandann? Loka eyrunum og augunum? Það mun fyrr en varir leiða til endaloka lífs á Jörðunni í núverandi mynd.

**Því verri sem loftslagsvandinn verður þeim mun ægilegri verður flóttamannavandinn. Ætlum við að nota aðferðir Donalds Trump til að takast á við þann vanda?**

Eina færa leiðin til að takast á við þau risavöxnu úrlausnarefni sem mannkynið stendur frammi fyrir er samvinna þjóðanna, samtak alls mannkyns, með frelsi og hugvit að leiðarljósi, opinn huga og opinn faðm – og kærleika.

Þar er eina vonin sem við eigum. Mannvonskunni og vanhæfninni fylgir nefnilega líka vonleysið.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Afstæðiskenning um bjór og sól

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Hvort skyldi nú vera betra að puða heilan dag í steikjandi hita og brennandi sól uppi á rykugu húsþaki við að bera á tjöru og leggja þaksteina og fá sér svo ískaldan bjór—eða sleppa öllu þessum bölvaða puði en teygja sig bara inn í ísskáp og fá sér einn ískaldan bjór úti á svölum?

Þeir sem séð hafa myndina Shawshank Redemption vita svarið við þessari spurningu. Í þeirri mynd semur endurskoðandinn Andy Dufresne við fangelsisstjórann um að hjálpa honum að komast hjá greiðslu erfðafjárskatts gegn því að nokkrir samfangar hans fái að njóta þess að sötra bjór á húsþakinu, eins og frjálsir menn.

Og hvort ætli fangarnir hafi glaðst yfir þessu? Nautn þeirra af bjórnum kalda var svo innileg, einföld og falleg að hún seytlar alla leið í gegnum skjáinn og inn í gleðitaugar áhorfenda sem geta ekki annað en notið bjórsopans með þeim. „Þarna sátum við og drukkum með sólina á öxlunum eins og frjálsir menn,“ sagði Red, með rödd Morgans Freeman. Úti við vegg sat svo Andy sjálfur með friðsælt sigurbros á vör og ekki nokkur hlutur í veröldinni bætt við vellíðan hans, ekki einu sinni bjórinn sem samfangi hans reyndi að bera í hann.

**Merkilegur bjór**

En hvað var svona gott og merkilegt við þennan bjór? Þetta var örugglega ekki neinn sérstakur gæðabjór úr belgísku míkróbrugghúsi, eða íslenskur verðlaunabjór—heldur ábyggilega eitthvert amerískt stórmarkaðspiss, sennilega eitthvað Lite, sem ekki nokkur einasti bjórspekúlant með sjálfsvirðingu myndi fyrir sitt litla líf hleypa inn fyrir sínar vandlátu varir.

> **Það er því líklega hollast fyrir íbúa suðvesturhornsins að líta svo á að grámygla sumarsins hingað til sé bara undirbúningur fyrir sæludaginn þegar sólin kemur; að við séum að puða við að bera tjöru á þakið en eigum í vændum svalandi drykk með sólina í öxlunum og frelsisglampa í augunum.**

En samt er þessi litli bjór, drukkinn við ömurlegar aðstæður, af skítugum og dæmdum mönnum í rifnum og óhreinum fötum, víðs fjarri öllum lystisemdum lífsins—án nokkurs vafa sá allra besti bjór af öllum þeim bjór sem nokkru sinni hefur verið drukkinn í bíómynd. Ekki einu sinni skrautlegustu kokteilar á svölustu þakbörum stórborga þar sem fyrirsætur og fjármálafurstar spóka sig snyrt og strokin undir taktföstum bassa fáguðustu raftónlistar komast nálægt þessum einfalda bjór.

Fangarnir nutu bjórsins síns svona sérstaklega vel af því að þeir áttu það raunverulega skilið. Þeir höfðu erfiðað fyrir honum. Þeir nutu hans af því að nautnin var bæði óvænt og forboðin fyrir útlæga menn. En fyrst og fremst nutu þeir hans vegna þess að vellíðunarmunurinn er svo mikill á milli hinnar daglegu þjáningar og erfiðis tukthúslimsins og sælunnar að sitja í smástund eins og frjáls maður með kaldan bjór á húsþakinu.

**Afstæð hamingja**

Svona virkar mannskepnan. Vellíðan okkar lagar sig hratt að þeim veruleika sem veröldin býður okkur upp á. Sá sem kaupir sér ódýran nýjan bíl er alveg jafnglaður og sá sem kaupir sér dýran nýjan bíl; en þeir verða súrir sem þurfa að skipta úr góðum bíl í lélegri; jafnvel þótt sá lélegri sé í sjálfu sér stórgóður. Fólk sem þarf að kljást við alvarleg veikindi er alveg jafnhamingjusamt á góðu dögunum, eins og fullfrískt fólk—kannski enn þá hamingjusamara. Allt er afstætt, og fátt afstæðara heldur en hamingjan.

Það er vitaskuld þetta sama sem útskýrir gleði Íslendinga yfir árangri fótboltalandsliðsins. Ekki er langt síðan knattspyrnulegur hápunktur Íslendinga var ólíklegt 1–1 jafntefli við Frakkland á Laugardalsvelli. Í mörg ár lifðum við sátt á þeim árangri og héldum að það yrði ekki toppað.

Svo komst Ísland í 8-liða úrslit á EM 2016 og var það hinn óvænti kaldi bjór á þakinu í Shawshank fangelsinu. Nú gleðjumst við innilega yfir að hafa komist á HM og að hafa gert 1-1 jafntefli við Argentínu. En á meðan við gleðjumst yfir því sem okkur finnst stórt afrek eru Þjóðverjar niðurbrotnir yfir sambærilegum árangri. Allt er afstætt.

**Sólin kemur**

Og þannig verður það líka með næsta sólskinsdag á höfuðborgarsvæðinu. Ég hlakka meira til hans eftir því sem við upplifum fleiri súldir og skýföll. Á endanum kemur sólin, og eftir því sem hún lætur bíða lengur eftir sér þeim mun kátari verða íbúar höfuðborgarsvæðisins þegar hún loksins kemur fram.

Það gerist nefnilega eitthvað magnað þessa fáu langþráðu blíðviðrisdaga á Íslandi. Við verðum eins og beljurnar að vori—hoppandi og skoppandi í allar áttir. Allir brosa og eru tillitssamir í umferðinni. Örgustu fúlmenni finna í sér mildustu hláturtaugar. Enginn getur verið reiður eða pirraður yfir nokkrum hlut og það er eins og einhverjum ólöglegum gleðiefnum hafi verið spreyjað út í andrúmsloftið.

Það eru tilbreytingarnar sem gera dagana glaða. Dagleg drykkja á hágæðabjór úr míkróbrugghúsum rænir mann smám saman þeirri unun sem hægt er að njóta af volgum og vondum bjór eftir langan vinnudag. Stanslausar sigurgöngur íþróttaliða breyta þakklæti smám saman í heimtufrekju. Og meira að segja stöðug veðurblíða verður á endanum að þreytandi tilbreytingarlausri lognmollu.

Það er því líklega hollast fyrir íbúa suðvesturhornsins að líta svo á að grámygla sumarsins hingað til sé bara undirbúningur fyrir sæludaginn þegar sólin kemur; að við séum að puða við að bera tjöru á þakið en eigum í vændum svalandi drykk með sólina á öxlunum og frelsisglampa í augunum.


Sjóvá 440 2000

**Sjóvá er stoltur styrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar.**

Um 200 sjálfboðaliðar björgunarsveitanna standa vaktina á hálendinu í sumar.

Á Safetravel deginum 29. júní verður björgunarsveitarfólk á vinsælum viðkomustöðum ferðamanna til að ræða um slysavarnir og gefa góð ferðaráð.

sjova.is




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




**Marzetti salatdressingar**

Toppaðu þitt grillsalat með bestu dressingunum frá USA

verð frá **799** kr/stk

Tilboð gilda út 1. júlí




**Monte Nevado hráskinka**

Gerð úr ibérico svínum og mangalica svínum

Verð frá **1.099** kr/pk




**Olw ostasnakk**

Olw og ostur - frábær blanda

verð frá **239** kr/pk




**Source Tonic**

Búið til með náttúrulegum quinine og bruggað til að ná fram bestu eiginleikum gins.

**199** kr/stk




**Califia plöntumjólk**

Möndlumjólk, kókos & möndlumjólk og kaffidrykkir

verð frá **599** kr/pk




**Nóa súkkulaði kringlur**

Súkkulaði húðaðar saltkringlur

**449** kr/pk




**Cedar´s hummus**

Gómsætur og bráðhollur hágæða hummus sem tryllir bragðlaukana

verð frá **399** kr/pk

# *Meira* svona *alla daga*






**20% afsláttur**

**Íslandssósur rjómasósur**

Rjóma sveppasósa og piparosta rjómasósa

**539** kr/stk

Holta

**Grillbringur**

Spicy lemon, Black gralic og Indian style

**1.999** kr/kg

Verð áður 2.499 kr/kg




**15% afsláttur**

**Ungnautalundir**

**5.949** kr/kg

Verð áður 6.999 kr/kg




**25% afsláttur**

**Piparsteik**

**3.449** kr/kg

Verð áður 4.599 kr/kg




**20% afsláttur**

**Smash style hamborgarar 2 x 250 g**

**1.039** kr/kg

Verð áður 1.299 kr/kg

**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Yngri leikmenn liðsins þurfa að stíga fram og axla ábyrgð

**Íslenska karlalandsliðið í körfubolta mætir Búlgaríu ytra í undankeppni HM 2019 í dag. Jón Arnór Stefánsson og Pavel Ermolinskij eru fjarverandi en þjálfari liðsins segir að nú sé kominn tími á að yngri leikmenn stígi fram og axli ábyrgð. Æfingar hafa gengið vel og á hann von á að Tryggvi Snær verði í stóru hlutverki.**

**KÖRFUBOLTI** Ísland leikur tvo síðustu leiki sína í forkeppni fyrir milliriðla í undankeppni heimsmeistaramótsins í körfubolta karla sem fram fer árið 2019 sitt hvorum megin við helgina. Íslenska liðið er í öðru til þriðja sæti riðilsins fyrir lokasprettinn, en liðið hefur haft betur í tveimur leikjum í riðlinum, líkt og Finnland. Tékkland er á toppi riðilsins með þrjá vinninga og Búlgaría á botninum með einn sigur.

Fyrri andstæðingur Íslands í lokaleggnum er búlgarska liðið, en íslenska liðið á harma að hefna eftir grátlegt tap í fyrri leik liðanna í riðlinum í Laugardalshöllinni síðasta haust. Sigur dugar Íslandi til þess að tryggja sér sæti í milliriðlunum þar sem andstæðingar liðsins yrðu sennilega Frakkland, Rússland og Bosnía.

Gera má ráð fyrir að Martin Hermannsson verði í lykilhlutverki í leikjunum tveimur eins og alla undankeppnina. Er hann með 25,5 stig að meðaltali í leik en hann er stigahæstur í undankeppni Evrópu eftir fjóra leiki.

### Æfingar gengið vel

Ísland mætir svo Finnlandi í lokaumferð riðlakeppninnar á mánudaginn kemur. Finnska liðið mun njóta krafta Lauri Markkanen, leikmanns Chicago Bulls, í þeim leik, en hann var ekki með þegar Ísland hafði betur gegn Finnlandi í fyrri umferð í riðlakeppninni. Nærvera Markkanens breytir landslaginu töluvert hjá finnska liðinu.

„Það eru tveir mikilvægir leikir fram undan og æfingarnar hafa gengið vel og það hefur verið góður stígandi í æfingunum okkar. Það skiptir okkur miklu máli að fá Tryggva Snæ Hlinason inn í undirbúninginn frá upphafi, en ekki á lokametrunum eins og var raunin í síðasta landsleikjaglugga. Við getum farið betur yfir það hvernig við getum nýtt styrkleika hans og leikmenn venjast því betur að spila með honum sem er mjög jákvætt,“ sagði Craig Pedersen, þjálfari íslenska liðsins, um undirbúning liðsins.

Hann segir að það sé gott að geta gefið Tryggva nægan tíma til að komast betur inn í spilamennsku liðsins.

„Leikmenn liðsins vita nú í hvaða aðstæðum gott er að leita til Tryggva og það ríkir meira traust milli leikmanna en í upphafi æfingavikunnar.



Bakvörðurinn Elvar Már Friðriksson tekur armbeygjur undir árvöklum augum liðsfélaga sinna í Botevgrad í gær.

> **Við munum reyna að spila á líkamlega sterkara liði til að líkamlegir yfirburðir þeirra veiti þeim ekki forskot eins og í síðasta leik.**
>
> Craig Pedersen, þjálfari landsliðsins

Það er meira flæði í æfingunum, bæði í varnarleiknum og sóknarleiknum. Tryggvi mun spila meira en hann gerði síðasta haust og fá stærra hlutverk á mikilvægum mínútum í leikjunum. Ég er mjög ánægður með hvað honum hefur farið mikið fram síðustu misseri og hversu vel honum hefur tekist að aðlagast leik okkar.

Leikmenn treysta honum mun betur og leita til hans í mun meiri mæli en áður. Það gefur okkur mikið að hafa jafn hávaxinn og öflugan leikmann inni í teignum á báðum endum vallarins,“ sagði Pedersen enn fremur um æfingar síðustu viku og hlutverk Tryggva í liðinu.

### Engar áhyggjur af reynsluleysi

Jón Arnór Stefánsson og Pavel Ermolinskij eru báðir fjarri góðu gamni vegna meiðsla og Pedersen viðurkennir að reynsla þeirra hefði nýst vel í leikjunum. Þetta séu leikmenn sem séu vanir stórum leikjum og íslenska liðið muni vissulega sakna þeirra.

„Jón Arnór og Pavel létu mig vita fyrir tæpum mánuði að þeir gætu ekki leikið í þessum leikjum vegna meiðsla þannig að við höfum haft tíma til þess að undirbúa það hvernig við hyggjumst fylla þeirra skarð. Það fer hins vegar mikil reynsla úr liðinu þegar þeir eru ekki til staðar og einkum og sér í lagi Jón Arnór sem hefur spilað ótal marga leiki þar sem mikið er undir. Nú verða bara yngri leikmenn að axla ábyrgð og ég hef engar áhyggjur af því að þeir geri það ekki,“ sagði Pedersen um fjarveru þessar þrautreyndu leikmanna.

Pedersen telur að íslenska liðið hafi lært mikið af svekkjandi tapinu gegn Búlgaríu í fyrri leik liðanna og sömu mistök verði ekki upp á teningnum í leik liðanna í dag.

„Við vorum verulega vonsviknir með tapið í fyrri leiknum, en það fer bara í reynslubankann. Við förum og sáum leik með þeim nýlega og þeir eru enn þá að spila á sama hátt og þeir gerðu gegn okkur síðasta haust. Við munum færa leikmenn til í stöðum inni á vellinum frá fyrri leiknum til þess að fá meira jafnvægi í okkar leik. Sem dæmi mun Haukur Helgi leika sem minni framherji í stað þess að spila stöðu kraftframherja. Við munum reyna að koma Tryggva Snæ betur inn í leikinn en í leikjunum síðasta haust. Við munum reyna að spila á líkamlega sterkara liði en síðast þannig að líkamlegir yfirburðir þeirra veiti þeim ekki forskot eins og gerðist í síðasta leik,“ sagði Pedersen en leikurinn hefst klukkan 18:00.00 í Búlgaríu eða 15:00 að íslenskum tíma og fer fram í Botevgrad.

hjorvaro@frettabladid.is

## Tap skilaði Englandi greiðari leið í úrslitin

**HM 2018** England og Belgía mættust í afar sérstökum leik í lokaumferð riðlakeppninnar á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu í gær. Liðin voru jöfn að stigum og með sömu markatölu fyrir leikinn en erlendir fjölmiðlar gerðu því skóna að það yrði einfaldlega betra að tapa. Lauk leiknum með 1-0 sigri Belga sem fara fyrir vikið með fullt hús stiga inn í 16-liða úrslitin þrátt fyrir að hafa gert níu breytingar á byrjunarliðinu.

England fær erfiðan andstæðing strax í 16-liða úrslitunum þar sem

> **16**
>
> **lið standa nú eftir að lokinni riðlakeppninni á HM og gera út um framhaldið í útsláttarkeppni.**

liðið mætir Kólumbíu en komist það áfram bíður þess sigurvegarinn úr einvígi Sviss eða Svíþjóðar. Af mögulegum mótherjum Englands á leiðinni í úrslitaleikinn er aðeins ein þjóð sem hefur áður unnið HM eða Spánn.

**16-liða úrslitin**

| | | |
|---|---|---|
| Úrúgvæ | - | Portúgal |
| **Frakkland** | - | **Argentína** |
| Brasilía | - | Mexíkó |
| **Belgía** | - | **Japan** |
| Spánn | - | Rússland |
| **Króatía** | - | **Danmörk** |
| Svíþjóð | - | Sviss |
| **Kólumbía** | - | **England** |

Belgar fá heldur auðveldari leik í 16-liða úrslitunum gegn Japan sem rétt slapp inn í 16-liða úrslitin á færri gulum spjöldum en Senegal en þá bíður strembin leið. Gera má ráð fyrir að Brasilía slái út Mexíkó og bíði Belgíu í 8-liða úrslitunum og í undanúrslitunum geta Belgar mætt Argentínu, Portúgal, Frakklandi eða Úrúgvæ. Alls fjórir fyrrverandi heimsmeistarar sem standa í vegi fyrir Belgíu á leið liðsins í úrslitaleikinn. – **kpt**

### Stjarna dagsins á HM 2018

Miðvörðurinn Yerry Mina innsiglaði endanlega sæti Kólumbíu í 16-liða úrslitunum í gær þegar hann stangaði sigurmarkið í netið gegn Senegal. Kólumbíumenn sem höfu mótið á tapi þurftu sigur í gær til að vera öruggir um sæti sitt í 16-liða úrslitum. Mina nýtti hæð sína vel og stangaði í netið af stuttu færi fimmtán mínútum fyrir leikslok.

Er þetta annar leikurinn í röð sem miðvörðurinn, sem leikur fyrir Barcelona, skorar í en hann kom Kólumbíu á bragðið í 3-0 sigri á Póllandi á dögunum.

Tækifæri hans hafa verið af skornum skammti hjá Barcelona og var hann orðaður við brottför frá félaginu en hann hefur, líkt og félagi hans hjá landsliðinu, James Rodriguez, árið 2014, skotist fram á sjónarsviðið á stærsta sviði knattspyrnunnar.



**HM 2018 í Rússlandi í gær**

**G-riðill**

**Japan - Pólland 0-1**
0-1 Jan Bednarek (60.).

**Senegal - Kólumbía 0-1**
0-1 Yerry Mina (74.).

**H-riðill**

**England - Belgía 0-1**
0-1 Adnan Januzaj (51.).

**Panama - Túnis 1-2**
1-0 Yassine Meriah (sjálfsmark) (33.), 1-1 Fakhreddine Ben Youssef (51.), 1-2 Wahbi Khazri (66.).

## Einu yfir pari á Opna bandaríska

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, íþróttamaður ársins og atvinnukylfingur úr GR, náði ekki að fylgja eftir góðri byrjun á Opna bandaríska meistaramótinu í golfi í gær en hún kom í hús á einu höggi yfir pari. Deilir hún 87. sæti en niðurskurðurinn á sér stað eftir annan hringinn á Kemper Lakes vellinum í úthverfi Chicago á morgun.



**Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, íþróttamaður ársins og atvinnukylfingur úr GR.**

Er þetta þriðja risamót ársins í kvennagolfi en Ólafía tók einnig þátt í þessu móti í fyrra sem var hennar fyrsta risamót en þá missti hún af niðurskurðinum.

Byrjaði hún gærdaginn af krafti en hún fékk tvo fugla á fyrstu fjórum holunum og deildi um tíma fimmta sætinu á mótinu. Tveir skollar á 8. og 9. holu vallarins komu henni aftur á par þegar hringurinn var hálfnaður.

Fékk hún þriðja skolla dagsins á 10. braut en hún lauk hringnum á því að fá sjö pör í röð og kom því í hús á 73 höggum eða einu yfir pari vallarins.

Ólafía púttaði frábærlega í gær en átti í örlitlum vandræðum með innáhöggin allan daginn á vellinum sem er afar langur. – **kpt**

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 29. JÚNÍ 2018

# Jaðarvettvangur fyrir öðruvísi list

Jessica Lo Monaco ákvað að leggja listirnar á hilluna þegar hún flutti til Íslands frá New York en örlögin höfðu engan áhuga á því að leyfa henni það. Nú er hún ein af listrænum stjórnendum Rauða skáldahússins og í framkvæmdateymi jaðarlistahátíðarinnar Reykjavík Fringe sem hefst á sunnudaginn. →2



Jessica LoMonaco hefur búið á Íslandi í fjögur ár en bjó áður í New York. Hér er hún í Iðnó þar sem hún hefur stýrt listviðburðum. MYND/ERNIR

SUMARÚTSALAN HEFST Á MORGUN!

20 - 60% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM - 10% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM



-20%

Stóll kr. 66.600
NÚ KR. 53.280



-30%

Spegill kr. 27.900
NÚ KR. 19.530
60 CM



-30%

Ljós kr. 17.900
NÚ KR. 12.530



-30%

Lounge sófi 132 cm kr. 89.900
NÚ KR. 62.330



-30%

Gólflampi kr. 28.200
NÚ KR. 19.740

LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Framhald af forsíðu ➪

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Ég óx úr grasi í Brooklyn í New York í hverfi sem heitir Bensonhurst og er best þekkt úr mafíumyndum," segir Jessica þegar við höfum hreiðrað um okkur á kaffihúsi í Borgartúninu. „Ég kem úr tveimur mjög ólíkum áttum, ég ólst upp hjá einstæðri hippamóður af gyðingaættum og við vorum bara tvær en pabbi var aftur af ítölskum ættum og hans fjölskylda var risastór, mikið af krökkum og mikil læti. Svo þetta voru mjög ólíkir heimar og ég er lituð af báðum." Hún lærði leiklist í háskóla og útskrifaðist tvítug, í sömu viku og hún giftist manninum sínum, Orra Eiríkssyni LoMonaco sem hún kynntist þegar hann var í námi í New York. „Við kynntumst gegnum nördalegan spilahóp á netinu," segir hún brosandi. „Hann var að fá fullt af fólki í heimsókn frá Íslandi og sameiginlegur vinur bað mig um að sýna þeim Manhattan. Ég var að vinna í sirkus á þessum tíma og bauð þeim að koma á sýningu og svo myndi ég sýna þeim bæinn. Þannig kynntumst við en fórum svo ekki að vera saman fyrr en í kveðjupartíinu hans. Þá fannst okkur alveg vonlaust að reyna að búa til eitthvert millilandasamband en ári seinna vorum við trúlofuð." Eftir útskrift vann Jessica á söfnum í nokkur ár og stefndi á að fara í framhaldsnám í miðaldafræði með áherslu á víkingatímann en komst ekki að í skólann sem hún hafði hug á að fara í. „Þegar ég kom fyrst til Íslands fékk ég strax á tilfinninguna að ég væri komin heim. Mér hefur aldrei liðið þannig neins staðar annars staðar, ekki einu sinni í New York. Þegar dóttir mín var eins og hálfs árs spurði einn vinur minn mig af hverju ég væri ekki á Íslandi, ég gæti farið þangað og búið þar og mér datt engin ástæða í hug," segir Jessica aðspurð um tildrög þess að þau fluttu til Íslands. „Svo ég talaði við manninn minn þetta sama kvöld og spurði: eigum við ekki bara að flytja til Íslands? Og við byrjuðum að undirbúa það. Við fluttum hingað til að vera nær fjölskyldu mannsins míns og til að börnin fái betri menntun. Dagvistun er mjög dýr í New York og hefði til dæmis kostað öll launin mín ef ég hefði farið að vinna og sett bara annað barnið í dagvistun. Við höfum verið hér í fjögur ár og ég finn alltaf betur og betur að ég vil hvergi annars staðar vera," segir Jessica og bætir við að íslenskan sé öll að koma. „Ég les íslensku og skila hana en málfræðin er enn þá aðeins að þvælast fyrir mér, enda er hún mjög erfið."

## Örlögin í listinni

Jessica hafði verið í leiklist síðan hún var þrettán ára, meðal annars unnið í virtu unglingaleikhúsi í New York sem heitir The Possibility Project en þegar hún flutti hingað var hún búin að ákveða að taka aðra stefnu. „Við áttum lítil börn og ég var sannfærð um að það væri erfitt að samræma það vinnutímanum í leikhúsinu auk þess sem ég hafði heyrt að leikhúsheimurinn á Íslandi væri frekar lokaður. Svo ég sá mig fyrir mér í safnavinnu frekar enda elska ég söfn." En örlögin gripu í taumana í líki rithöfundarins og þýðandans Meg Matich sem er líka frá New York og líka með ástríðu fyrir Íslandi, einkum þó íslenskum bókmenntum. „Við Meg vorum saman í íslensku í háskólanum og hún kom að mér einn daginn og sagði: Við ætlum að vera vinkonur, fáum okkur kaffi saman. Og í kaffinu spurði hún: hefurðu einhvern tíma heyrt um Poetry Brothel? Og viku seinna var ég komin á kaf í Rauða skáldahúsið en hún, ég og Nanna Gunnars leikkona stjórnum því. Þetta átti bara að gerast."

Rauða skáldahúsið er skemmtileg viðbót við íslenskt næturlíf og er blanda af ljóðakvöldi, leikhúsi og kabarett, þar sem ljóðskáld selja gestum einkalestra í náinni umgjörð. Kvöldin hafa verið haldin í Iðnó og er húsinu breytt í gleðihús frá bannárunum eina kvöldstund þar sem ljóðalestur, dans og ýmsar uppákomur fara fram, ýmist fyrir opnum tjöldum eða fyrir einn áhorfanda í senn. „Rauða skáldahúsið er í raun heimili fyrir alls kyns jaðarlistir sem eru ástríða okkar allra. Rauða skáldahúsið hefur nú farið fram fimm sinnum og verður í sjötta sinn á Reykjavík Fringe Festival sem hefst á sunnudaginn og við þrjár, ég, Nanna og Meg, erum í forsvari fyrir ásamt fleirum."



„Jaðarlistirnar eiga vaxandi vinsældum að fagna og mikilvægt að gefa listamönnum rödd og svið til að koma erindi sínu á framfæri," segir Jessica. „Listin er drifkraftur breytinga og birtingarmynd þeirra í senn." MYND/ERNIR

> „Ég held að þessi mörgu listform endurspegli breytingarnar sem eru í samfélaginu.



Jessica í þemanu Draumur á Jónsmessunótt í Rauða skáldahúsinu. MYND/HRAFNA

## Jaðarlistahátíð í fyrsta sinn

Þetta er í fyrsta sinn sem Reykjavík Fringe hátíðin er haldin. „Nanna er svona kona sem framkvæmir," segir Jessica. „Hún kom til okkar Meg í byrjun apríl og sagði: Það var víst reynt að setja upp Reykjavík Fringe í fyrra en gekk ekki upp. Ég er að spá í að prófa núna. Og við spurðum: Hvenær? Og hún svaraði: eftir þrjá mánuði. Og við sögðum bara: já hvað þarftu? og byrjuðum að vinna. Við höfðum samband við vin minn Sindra Þór Sigríðarson, sem er gerandi eins og hún, og hann tók að sér að vera fjármálastjórinn og fleira. Og nú er þetta bara að gerast, opnunarkvöldið er á sunnudaginn." Reykjavík Fringe er engin smáhátíð en 131 sýning verður undir merkjum hátíðarinnar í næstu viku, flestar milli 4. og 8. júlí. Hátíðin fer fram á níu stöðum og bæði íslenskir og erlendir listamenn taka þátt. „Meðfram hátíðinni fengum við styrk til að koma á sambandi við jaðarlistahátíðir á hinum Norðurlöndunum svo hluti af hátíðinni er ráðstefna til að tengjast og vinna saman. Við munum svo hittast aftur í september í Stokkhólmi og halda áfram að mynda og efla tengslin."

Jaðarlist er skilgreind sem list sem ekki tilheyrir hinu hefðbundna listasamfélagi. „Listgreinar eins og uppistand, kabarett og spuni svo dæmi séu tekin," segir Jessica. „Við verðum með stuttmyndir, myndlistarsýningar og samstarfsaðila eins og burlesquehópinn Dömur og herra, Drag-Súg og Improv Iceland því auðvitað eru íslensku jaðarlistahóparnir með enda er andinn í þessari senu hér svo góður og jákvæður, ekki samkeppni heldur samstarf. Við viljum á hátíðinni fagna fjölbreyttum listformum, hleypa þeim á svið sem komast ekki á stóru sviðin til að miðla sinni list og boðskap. Ef þú ert með hugmynd, þá gefum við þér svið til að koma henni á framfæri og áhorfendur sem hafa ánægju af þessum listformum."

## Ekki síst um ófullkomnun

Uppistand, kabarett og spuni hafa sannarlega slegið í gegn hérlendis að undanförnu og virðist ekkert lát á. Spurð að því hvernig hún skýri þessar vinsældir segir Jessica listina alltaf vera spegil samfélagsins. „Ég held að þessi mörgu listform endurspegli breytingarnar sem eru í samfélaginu þegar æ fleiri jaðarhópar eru að fá rödd og verða sýnilegir og finna sér list og tjáningarform sem henta þeim og áhorfendur vilja sjá þessa list og þessa tegund afþreyingar. Listin er drifkraftur breytinga og birtingarmynd þeirra í senn. Listin fær fólk til að tala og þannig verða breytingar á samfélaginu. Listamennirnir á jaðrinum eru ástríðufullir, langar að breyta og vilja hafa áhrif á samfélagið sitt og það er frábært að geta boðið upp á vettvang fyrir þessi skilaboð."

Reykjavík Fringe hátíðin hefst á sunnudagskvöld með opnunarhátíð á Hlemmi Square en svo rekur hver viðburðurinn annan. Hægt er að kaupa aðgangsarmband sem gildir á alla viðburði en svo er misjafnt hvað og hvort kostar eitthvað inn á viðburði. Eitt af því sem hátíðarstjórnendur eru að setja saman er fyrirlestraröð sem heitir Epic Fails og segir frá mistökum og hvernig er hægt að vinna á þeim. „Jaðarlistirnar fjalla nefnilega ekki síst um ófullkomnun, hið ófullkomna líf sem er hið raunverulega og það er alltaf hægt að snúa til baka," segir Jessica að lokum, sem hefur samt greinilega hreiðrað þannig um sig á Íslandi að hún er ekki að fara í bráð.

Nánari upplýsingar má finna á rvkfringe.is og á Facebook-síðunni Reykjavik Fringe Festival.




Það borgar sig ávallt að auglýsa í Fréttablaðinu
LÍKA Á SUMRIN!
89%
af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring
*Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.
FRÉTTABLAÐIÐ

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338
Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# ÚTSALAN ER HAFIN!!
# 30–50% AFSLÁTTUR

Flottur fatnaður í stærðum 14-28 eða 42-56
Verið velkomin í verslun okkar að Fákafeni 9
eða pantaðu í netverslun www.Curvy.is

Curvy.is






WWW.CURVY.IS | Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552

# Heillaðist af Marokkó

Heiðar Jónsson átti oft leið til Marokkó þegar hann vann sem flugþjónn og heillaðist af landi og þjóð. Hann hefur unnið við fararstjórn þar í landi og kynnt lystisemdir þess fyrir íslenskum ferðalöngum.

Ég vann um árabil sem flugþjónn, meðal annars í pílagrímafluginu hjá Atlanta, og það var eins og að vinna í lottóinu að fá stopp í Marokkó, sem er sannkallaður ævintýraheimur með stórbrotna menningu og mannlíf. Þess vegna finnst mér svo gaman að fá tækifæri til að vera fararstjóri fyrir Úrval Útsýn og sýna íslenskum ferðalöngum þetta fallega land. Ég var í Marrakesh í vor með nokkra hópa og fer þangað aftur í haust,“ segir Heiðar Jónsson, en hann lauk námi í leiðsögn fyrir tveimur árum og hefur síðan þá meira og minna starfað við fararstjórn víða um heim.

Heiðar segir Marrakesh afar heillandi borg en hún er þriðja stærsta borg Marokkó og áður höfuðborg Barbaríu. „Marrakesh á sér langa og merka sögu og þar er að finna sögulegar minjar allt frá miðöldum því snemma var byrjað að vernda hana fyrir eyðileggingu. Enginn sem heimsækir Marrakesh ætti að láta arabíska risamarkaðinn á Jemall el-Fna torginu fram hjá sér fara og gefa sér nokkra klukkutíma til að skoða hann vel. Ég hef farið á markaði víða um heim en þessi er einn sá allra skemmtilegasti. Þar er iðandi mannlíf og hægt að fá allt milli himins og jarðar, allt frá fílum og upp í þúsund ára gamlar nálar. Það er gott að komast um markaðinn, sem er óskaplega spennandi með óteljandi sölubásum. Stór hluti af stemningunni er að vera ófeiminn við að prútta við sölufólkið,“ segir Heiðar og bætir við að það sé einnig mjög áhugavert að skoða Jardin Majorelle garðinn. Þar var sumardvalarstaður Yves Saint Laurent og hann bjó þar sín síðustu æviár.

„Saint Laurent endurhannaði garðinn af miklu listfengi og hugviti. Þar er líka heilmikið safn sem er tileinkað honum. Meira að segja þeir sem hafa engan áhuga á tísku njóta þess að skoða safnið,“ fullyrðir Heiðar.



Heiðar ásamt Tori, dótturdóttur sinni. Hann heillaðist af Marokkó þegar hann kom þangað á sínum tíma sem flugþjónn og segir landið ævintýri líkast.

## Kýrnar fara upp og niður stiga

Hann segir ekki síður gaman að fara út fyrir borgina og upp í Atlasfjöllin eða niður að ströndinni. „Við erum með hringferð um Atlasfjöllin og svo er farið til Agadir sem er falleg strandborg í suðri með mikla sögu. Í ferðinni um fjöllin fáum við að koma inn á marokkósk sveitaheimili og sjá líf innfæddra sem er óskaplega framandi. Amman á heimilinu tekur á móti gestum og býður þeim upp á te og brauð. Húsin eru yfirleitt þannig að þau hafa verið stækkuð eftir þörfum svo arkitektúrinn getur verið ansi skrautlegur. Kindur og kýr ganga lausar um og eru með sína bása inni á heimilunum. Mér finnst svo skemmtilegt að á sumum stöðum eru kýrnar uppi á annarri hæð og ganga bara upp og niður stigana,“ segir Heiðar hlæjandi.

## Einstök matarmenning

Matarmenningin í Marokkó er einstök og segir Heiðar að kúskús og lambakjöt eldað í tagine leirpotti sé einn helsti þjóðarrétturinn. „Í Marokkó er hægt að fá næstbesta lambakjöt í heimi. Nær allur matur er matreiddur yfir eldi í tagine leirpotti. Við það sýður og kraumar maturinn og ilmurinn er dásamlegur. Ég var orðinn nokkuð fullorðinn þegar ég byrjaði sjálfur að elda og ég á svona pott heima. Ég nota hann heilmikið við eldamennsku og set nær alla afganga í hann en upprunalega var þetta aðferð til að nýta þá, líkt og pitsan er á Ítalíu og tapas á Spáni. Það kemur mörgum á óvart hversu strangt eftirlit er með matvælaframleiðslu í Marokkó og strangar kröfur um hreinlæti en yfirvöld vilja að sjálfsögðu ekki að ferðalangar fái í magann,“ upplýsir hann.

Heiðar segir ferðalanga einnig hafa tækifæri til að heimsækja borgina Essaouira sem kallast The windy city of Africa, og er strandborg á milli Agadir og Casablanca. „Borgin er óskaplega falleg og hitinn verður aldrei óþægilegur því þar er alltaf vindur. Þegar horft er út á ströndina sér maður fólk leika sér á alls konar sjóskíðum og flugdrekum og það er alltaf mikið fjör. Í mínum huga hefur borgin yfir sér ævintýrablæ því í barnaskóla lærði ég um portúgölsku virkisborgina Mogador þar sem Portúgalar námu land. Þegar ég kom með stóran hóp ferðamanna til Essaouira í fyrsta sinn kom í ljós að um sömu borg var að ræða en ég hélt að hún væri horfin af yfirborði jarðar,“ segir hann en portúgalska nafninu Mogador var breytt í Essaouira þegar Marokkó fékk sjálfstæði.

„Úrval Útsýn verður með fimm daga og sjö daga ferðir til Marokkó í haust og er með beint flug þangað með Icelandair. Það er mikil upplifun að heimsækja þetta fallega land,“ segir Heiðar að lokum.

Nánari upplýsingar má fá á www.urvalutsyn.is/borgir.



Arabíski risamarkaðurinn á Jemall el-Fna torginu iðar af mannlífi og þar er hægt að fá allt milli himins og jarðar, eða frá fílum og upp í ævagamlar nálar.



Á ferð um Atlasfjöllin er margt að sjá og upplifa. Heiðar segir að gestir fái einstakt tækifæri til að heimsækja innfædda og þiggja hjá þeim te og brauð.



Marrakesh á sér langa og merka sögu og þar er að finna sögulegar minjar allt frá miðöldum því snemma var byrjað að vernda hana fyrir eyðileggingu.

**Fimmtudaginn 5. júlí** mun Fréttablaðið í samtarfi við Ungmennafélag Íslands gefa út aukablaðið

LANDSMÓTIÐ 2018

Markmiðið með blaðinu er að kynna rækilega Landsmótið sem að þessu sinni verður haldið á **Sauðárkróki dagana 12 – 15 júlí n.k.**

Boðið verður upp á fjölmargar uppákomur og skemmtanir. Þar má nefna ball með Páli Óskari, götupartý með Steinda jr. og Audda Blö ásamt risa stóru þrauta- og leiksvæði.

Á Landsmótinu eru meira en 30 íþróttagreinar af ýmsu tagi. Hægt er að keppa, prófa og fá kennslu. Á landsmótinu er keppt í mörgum hefðbundnum íþróttagreinum en því til viðbótar verða nokkrar óvenjulegar en stórskemmtilegar greinar.

Boðið er upp á hefðbundin auglýsingahólf sem og umfjallanir sem eru settar upp af blaðamanni okkar í góðu samráði við auglýsanda.
Stór dreifing og mikill lestur Fréttablaðsins tryggir að blaðið nær afar vel til ákjósanlegra markhópa.




**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**
Arnar Magnússon. Sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
arnarm@frettabladid.is Sími: 512-5442

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


FACE THE CITY
NEW
NIVEA
Essentials
1 MINUTE URBAN PROTECT MASK
+PURIFY
WHITE CLAY & MAGNOLIA EXTRACT
75ml
Essentials
URBAN SKIN DETOX
NIGHT GEL CREAM
NIVEA
Essentials
URBAN SKIN PROTECT
DAY CREAM SPF20
AFEITRAR | VERNDAR | ENDURBYGGIR



Börn ættu að vera hætt með snuð þegar þau verða þriggja ára.

# Að hætta með snuð

Mælt er með að börn hætti með snuð áður en þau verða þriggja ára. Það er þó ekki alltaf auðvelt að fá þau til að leggja því. Sogþörf barna minnkar strax við fimmtán mánaða aldurinn. Gott er að undirbúa barnið áður en snuðið er tekið af því. Samtal um snuðið er ágætt og jafnvel að ákveða hver eigi að fá það. Oft fær barnið sjálft að gefa það, vinsælt er að gefa dýrunum í Húsdýragarðinum snuðið. Barnið á þá auðveldara með að skilja við það. Einnig má hengja snuðið á tré úti í garði og segja að fuglarnir komi að sækja það fyrir ungana sína. Sum börn hafa kosið að setja snuðið á tré heima hjá ömmu og afa. Skemmtilegt er að setja lítinn pakka á tréð sem barnið sækir daginn eftir en það væri þá gjöf frá fuglinum.

Talið er að börn sem eru lengi með snuð séu seinni til máls en þau sem eru ekki með snuð. Áður en snuðið er endanlega tekið af barninu ætti að minnka notkun þess, til dæmis bara að gefa því snuð þegar það sofnar. Fyrst eftir að börn hætta með snuð getur verið erfitt að sofna að kvöldi. Þá getur verið lausn að lesa bók fyrir barnið. Gjarnan uppáhaldsbókina.



Eru margir ónotaðir skór í skápunum?

# Tími á tiltekt

Þegar við erum komin yfir fertugt eigum við að fækka hlutum í kringum okkur sem ekki eru lengur í notkun. Svo segir sænski vefmiðillinn Expressen. Allt mögulegt getur leynst í hirslum sem aldrei er notað. Konur eru gjarnar á að safna skóm. Margir skór í fataskápnum eru aldrei notaðir jafnvel þótt þeir séu heilir. Það má gefa einhver pör í endurvinnslu og grynnka til í skápnum. Sömuleiðis eru örugglega nokkrir brjóstahaldarar í skápnum sem eru farnir að slitna og geta vel farið í endurvinnslu Rauða krossins. Sömu sögu má segja um föt sem hanga inni í skáp en eru aldrei notuð eða eru orðin of lítil. Gömul viskastykki, sokkar og tuskur mega einnig fara í endurvinnslu. Gamlir dúkar og rúmföt fara sömu leið.

Það er fleira sem safnast upp á heimilinu, til dæmis safnast gamlir farsímar upp í skúffum. Það eru til fyrirtæki á Íslandi sem taka á móti gömlum símum og endurvinna þá. Gömul krydd fara beint í ruslið en setjið umbúðir í réttan farveg endurvinnslunnar. Gamlar málningardósir fara í sérstakan gám hjá Sorpu. Er ekki ágætt að nota rigningartíðina til að losna við gamalt dót á heimilinu?

# Rauðvín og jarðarber í eftirrétt

Þegar gera á vel við sig í mat og drykk er eftirrétturinn oft það sem gerir gæfumuninn enda eftirréttir oftast ekki á boðstólum nema eitthvað standi til. Eftir þungar kjötmáltíðir er magamálið hins vegar ekkert endilega í takti við andann og því er léttur og bragðgóður eftirréttur úr ávöxtum og berjum í samhengi við léttar mjólkurvörur einmitt það sem þarf til að setja punktinn yfir i-ið. Fyrir þá sem ekki drekka áfengi er hægt að nota ávaxtasafa í staðinn fyrir rauðvín.

## Jarðarber í sírópi

**500 g jarðarber**
**Börkurinn af einni sítrónu í þykkum strimlum**
**100 g sykur**
**1 flaska af sætu rauðvíni með ávaxtakeim eða einn lítri af blönduðum ávaxtasafa**

Skerið laufin af jarðarberjunum og skerið þau í helminga. Raðið þeim í stóra skál. Bætið við sítrónuberkinum, stráið sykrinum yfir og hellið rauðvíninu eða safanum yfir. Kælið jarðarberin í ísskápnum í 1-2 klukkustundir til að leyfa þeim að marinerast og sírópinu að bragðbætast.

Berið fram kælt með þeyttum rjóma, vanilluís, vanilluskyri eða vænni slettu af maskarpóneosti.



Jarðarber og rjómi eru sígildur eftirréttur sem aldrei bregst og er til í ýmsum útgáfum.




# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

Bílalíf



**SPARIÐ KR.800.000.-**
NÝR NISSAN NAVARA TEKNA 4WD. Disel,sjálfskiptur,pallhús,krókur, klæddur pallur ofl,með öllum lúxus og öryggisbúnaði. Verð 7.190.000. Rnr.248603. Eigum líka hvítan á staðnum og beinskiptan.



**SPARIÐ KR.600.000.-**
NÝR NISSAN X-TRAIL TEKNA. Disel,sjálfskiptur,með öllum lúxus og öryggisbúnaði. Verð aðeins kr.5.990.000. Rnr.248668,á staðnum.

**Bílalíf**
**Kletthåls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

STÓRA BÍLASALAN



**NÝR BÍLL**
SKODA Octavia 2.0L Disel 4x4 Style. Árgerð 2018, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 4.790.000. Rnr.136951.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



JAGUAR Xj8 Vanden Plas. Árgerð 1998, ekinn 138 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.580.000. Á staðnum



HARLEY DAVIDSON Touring Flhtci Electra Glide. Árgerð 2005, ekinn 24 Þ.KM, bensín, á staðnum. Verð 2.390.000. Rnr.242235.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**Opið á laugardögum 12-15**
**www.litla.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Mótorhjól




## Hjólhýsi





Til sölu Tabart hjólhýsi 6 manna '07 kr 2.290.000 og Ford Expedition'03.7 manna Kr. 790.000. Staðgreiðslu tilboð saman 2.500.000. Nánari uppl. Maggi s. 696 5900

## Bátar




## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja




Almenn garðvinna, sláttur, úðun og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**GETUM BÆTT VIÐ OKKUR MÁLNINGARVINNU ÚTI.**
Vönduð vinnubrögð og mikil reynsla.
**Löggildur málarameistari**
**Jón og Marteinn Málningarþj.**
**S: 8611242**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
**ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI**
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

**☎ 788 8870**
**eind@eind.is**
Eind ehf

## Opið hús




# Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

## Skemmtanir



## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

**EINBÝLI / HÆÐ / RAÐHÚS Í 110 RVK**

**EÐA NÁGRENNI ÓSKAST**
Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð í 110 RVK eða nágrenni. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.

Nánari upplýsingar sendist á:

sendtohelgi@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**HÚSASMIÐUR - VERKSTJÓRI Á AKUREYRI**
Verktakafyrirtæki með góða verkefnastöðu óskar eftir að ráða verkstjóra.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í húsasmiði

- Reynsla af mótauppslætti

- Enskukunnátta

**Umsóknir sendist á verk.job@gmail.com og nánari uppl. í s. 840 0609**

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**
Silfri ehf óskar eftir trailer bilstjóra

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690




## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

# Tilkynningar

## Fundir

Aðalfundur Fornvélafélags Íslands verður haldin á Blikastöðum, miðvikudaginn 4. júlí nk. og hefst kl. 20.



**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Atvinna

**Vísir hf óskar eftir að ráða skipstjóra, vélstjóra og háseta á Daðey GK-777**
Daðey er beitningarvélarbátur í krókakerfinu upplýsingar í síma 420-5700 eða umsókn á heimasíðu Vísis
**www.visirhf.is.**
VÍSIR



Ný tækifæri, nýjar áskoranir!

HAGVANGUR
www.hagvangur.is

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**



**Bryndís**
**GSM: 773 7400**



## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Jöklasel 4

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. júní 2018 og borgarráði Reykjavíkur, þann 7. júní 2018, var samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Jöklasels 2 og 4 vegna lóðar nr. 4 við Jöklasel, leikskólinn Jöklaborg. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir tvær færanlegar stofur í norðvesturhluta lóðarinnar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig sjá á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 29. júní til og með 10. ágúst 2018**. Einnig má sjá tillöguna á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 10. ágúst 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 29. júní 2018
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

**Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is**

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**www.capacent.is**

Listvinafélag Hallgrímskirkju 36. starfsár
Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society 36th season





# Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju

## The International Organ Summer in Hallgrímskirkja

16. júní – 19. ágúst 2018 / June 16 – August 19 2018

### Hádegistónleikar á miðvikudögum kl. 12
### Lunchtime concerts on Wednesdays at 12 noon

## Schola cantorum

**Schola cantorum**, kammerkór Hallgrímskirkju, sem hlotið hefur ýmsar viðurkenningar og verðlaun fyrir tæran og vandaðan söng sinn, býður nú upp á sumartónleika sína í 10. sinn. Á efnisskrá Schola cantorum í sumar verða innlendar og erlendar kórperlur frá ýmsum tímum, m.a. eftir Mozart, Bruchner, Byrd og Mendelssohn. Hið tilkomumikla Klais-orgel mun stundum koma við sögu og af og til mun einsöngvari úr röðum kórfélaga hefja upp raust sína. Schola cantorum var valinn Tónlistarflytjandi ársins flokki sígildrar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaunum 2017. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelsson.

**Schola Cantorum**, the prize winning chamber choir of Hallgrimskirkja is celebrating it´s 10th season of the popular Wednesdays Lunchtime Summer Concert this summer. The choir sings various beautiful music from their repertoire, both Icelandic choral pearls as well as famous choral works by Byrd, Bruchner, Mozart (Ave verum) and Mendelssohn, occasionally accompanied by the great Klais organ. Conductor is Hörður Áskelsson, Music Director of Hallgrimskirkja.



### Helgartónleikar
**með alþjóðlegum konsertorganistum**

### Weekend concerts
**Saturday at 12 noon and Sunday at 5 pm with international concert organists**



| | |
|---|---|
| 16th / 17th June | Eyþór Franzson Wechner, Blönduós Church |
| 23th / 24th June | Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík |
| 30th / 1st July | Irena Chřibková, St James Basilica, Prague, Czech Republic |
| 7th / 8th July: | Winfried Bönig, Cologne Cathedral, Germany |
| 14th / 15th July: | Loreto Aramendi, Santa Maria Basilica, San Sebastian, Spain |
| 21st / 22nd July: | Thierry Escaich, Saint-Etienne-du-Mont, Paris, France |
| 28th / 29th July: | Thierry Mechler, Cologne Philharmonics, Germany |
| 4th / 5th August: | Elke Eckerstorfer, St. Augustin Church, Vienna, Austria |
| 11th / 12th August: | Hans-Ola Ericsson, Organ professor at McGill in Monreal, Canada |
| 19th August: | Hannfried Lucke, Mozarteum University, Salzburg, Austria. |

### Hádegistónleikar á fimmtudögum kl. 12
### Lunchtime concerts on Thursdays at 12 noon

| | |
|---|---|
| 21st June | Baldvin Oddsson trumpet and Steinar Logi Helgason organist of Háteigskirkja, Reykjavík |
| 28th June | Elísabet Þórðardóttir, organist at Kálfatjarnarkirkja, Hafnarfjörður |
| 5th July | Kitty Kovács, organist of Landakirkja, the Westmann Island |
| 12th July | Pamela Sensi flute, Steingrímur Þórhallsson organist of Neskirkja |
| 19th July | Þórunn Elín Pétursdóttir soprano and Lenka Mátéová organist of Kópavogskirkja, Kópavogur |
| 26th July | Lára Bryndís Eggertsdóttir, organist, Reykjavík |
| 2nd August | Kári Þormar, organist of Reykjavík Cathedral |
| 9th August | Friðrik Vignir Stefánsson, organist of Seltjarnarnes Church |
| 16th August | Jónas Þórir Jónasson, organist of Bústaðakirkja, Reykjavík |



LISTVINAFELAG.IS SCHOLACANTORUM.IS

Miðasala við innganginn 1 klst fyrir tónleika og á midi.is
Ticket sales at the entrance 1 hr before the concerts and online www.midi.is
Hádegistónleikar / Lunchtime concerts – 30 min: 2000 ISK - Schola cantorum – 30 min: 2500 ISK
Sunnudagstónleikar / Sunday concerts –60 min: 2500 ISK
Listvinir frá ókeypis inn á orgeltónleika sumarsins

Artistic Director: Hörður Áskelsson - Manager: Inga Rós Ingólfsdóttir mob. 696 2849
Concert Manager 2018: Gunnar Andreas Kristinsson mob. 865 5815



✝

Systir mín og frænka okkar,

**Þórhildur Þorsteinsdóttir**
(Dúdda)
fyrrum vararæðismaður Íslands og leiðsögumaður,

sem lést á heimili sínu í Fuengirola þann 12. maí sl., verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þann 4. júlí nk. kl. 15.

**Þorsteinn Þorsteinsson**
**Gauti Kristmannsson** **Leifur Ragnar Jónsson**
**Þorsteinn Kristmannsson** **Kristín Ragna Jónsdóttir**
**Kristmann Egill Kristmannsson** **Jón Ragnar Jónsson**
**Eiður Páll Sveinn Kristmannsson**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Guðrún Erna Narfadóttir**
sjúkraliði,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 26. júní. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 2. júlí klukkan 15.

**Jón Sturla Ásmundsson**
**Sigurlaug, Svava og Erna Björk**



✝

Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

**Árni Björn Ómarsson**
Hverfisgötu 22, Hafnarfirði,

sem lést á hjartadeild Landspítalans 19. júní, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju, mánudaginn 2. júlí kl. 13.00.

**Borghildur Þórisdóttir**
**Þórir Árnason**
**Þórunn Árnadóttir**
**Oddný Árnadóttir**



✝

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**Eyrún Rannveig Þorláksdóttir**
Krossi í Ölfusi,

lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum, Selfossi, laugardaginn 23. júní. Jarðarförin fer fram frá Kotstrandarkirkju laugardaginn 30. júní kl. 14.00.

**Ragnheiður Lúðvíksdóttir** **Þorsteinn Jóhann Vilmundarson**
**Magnús Arnulf Lúðvíksson** **Laufey Jónsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn, systkini og aðrir aðstandendur.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Erna Adolfsdóttir**
Bogatúni 9, Hellu,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands föstudaginn 22. júní. Útför hennar fer fram frá Oddakirkju á Rangárvöllum 30. júní klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að leyfa Krabbameinsfélaginu að njóta þess.

**Þorbjörn Helgi Magnússon**
**Þórdís Helga Helgadóttir** **Birkir Halldórsson**
**Ingvar Már Helgason** **Guðný Ingibergsdóttir**
**Róbert Fjölnir, Steinunn Erna og Helgi Már**
**Júlía og Daníel**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

# Allt small á fyrstu æfingu

**Tríóið Tourlou frá Hollandi er nú á tónleikaferðalagi um landið í fyrsta sinn. Þau spila í Hannesarholti í kvöld en það eru styrktartónleikar fyrir verkefni þeirra sem snýst um að bjóða upp á ókeypis tónleika fyrir fólk sem hefur ekki tök á að sækja tónleika.**

Við erum tríó sem er búsett í Hollandi. Ég er eini Íslendingurinn í bandinu – en með mér er strákur frá Spáni og stelpa frá Hollandi. Við erum á tónleikaferðalagi um Ísland og samhliða tónleikaferðalaginu erum við með verkefni sem gengur út á það að spila á stöðum þar sem fólk hefur minni aðgang að lifandi tónlist. Í gær spiluðum við í Kvennaathvarfinu og í dag í Vin, athvarfi fyrir fólk með geðraskanir. Við erum svo að fara að spila á dvalarheimilinu í Stykkishólmi og á Seyðisfirði. Þarna bjóðum við upp á ókeypis tónleika. Til að fjármagna þetta verkefni erum við með hópsöfnun í gangi og þessir tónleikar í Hannesarholti eru styrktartónleikar fyrir verkefnið – allur ágóðinn fer í það,“ segir Anna Vala Ólafsdóttir, sellóleikari og söngkona tríósins Tourlou sem nú ferðast um Ísland í fyrsta sinn. Tourlou er skipað auk Önnu, þeim David Alameda Márquez og Mayumi Malotaux.

Tourlou spila í Hannesarholti í kvöld og eins og Anna sagði verða það styrktartónleikar fyrir verkefni sveitarinnar Live Music Beyond Borders sem gengur út á að bjóða upp á ókeypis tónleika fyrir fólk sem af einhverjum ástæðum hefur annars ekki tök á að sækja tónleika – hvort sem er af fjárhagslegum, heilsufarslegum eða öðrum ástæðum.

Tríóið spilar þjóðlagatónlist alls staðar að úr Evrópu í eigin útsetningum og efnisskránni kennir ýmissa grasa, allt frá melankólískum ballöðum til líflegrar danstónlistar.

„Við búum öll í sömu borg – ég kynntist David þar sem hann var að vinna á veitingahúsi sem ég fór stundum á og hann þekkti Mayumi, þau voru saman í hljómsveit á einhverjum tímapunkti. Hann hugsaði með sér að við tvær yrðum að hittast, hann sá það einhvern veginn fyrir sér. Þannig að hann stemmdi okkur saman og það small allt saman á fyrstu æfingu – alveg þannig að við ákváðum að fara í tónleikaferðalag áður en við tókum upp hljóðfærin í fyrsta sinn, við fundum alveg að þetta var eitthvað sérstakt.“

Eins og áður sagði er þetta í fyrsta sinn sem tríóið kemur til landsins og þau nýta ferðina vel – þau stefna á hringferð og að taka tónleika nánast í hverju plássi.

„Við erum að fara hringinn – við komum í Norrænu og förum suður fyrir.



Tónlistarfólkið í tríóinu Tourlou var farið að skipuleggja tónleikaferðalag áður en það hafði lokið fyrstu æfingunni og fann að samspilið var algjörlega sérstakt.

**Það small allt saman á fyrstu æfingu – alveg þannig að við ákváðum að fara í tónleikaferðalag áður en við tókum upp hljóðfærin í fyrsta sinn, við fundum alveg að þetta var eitthvað sérstakt.**

Eftir Reykjavík stefnum við norður, á þjóðlagahátíðina á Siglufirði meðal annars, við spilum líka á Ísafirði og Snæfellsnesi. Við endum ferðina í Bláu kirkjunni á Seyðisfirði. Í millitíðinni spilum við svo á Akureyri og Dalvík og fleiri stöðum.“

Tónleikarnir hefjast klukkan átta í Hannesarholti.

Fyrir þá sem ekki komast á tónleikana er hægt að styrkja verkefnið í gegnum heimasíðu Tourlou, www.tourloumusic.com, en þar er einnig hægt að hlusta á tónlist tríósins.

**stefanthor@frettabladid.is**



✝

Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, sonur og tengdasonur,

**Njáll Þórðarson**
Vesturási 44,

lést 23. júní síðastliðinn. Útförin fer fram í Grafarvogskirkju miðvikudaginn 4. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast Njalla er bent á styrktarreikning fyrir dætur hans, kt. 210873-3179, reikn.nr. 0370-22-007331.

**Þóra Pétursdóttir**
**Katla Njálsdóttir** **Yrsa Njálsdóttir**
**Þórður Viðar Njálsson** **Auður Berglind Stefnisdóttir**
**Elín Kristín Halldórsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Guðrún Helgadóttir**
píanókennari,
Árskógum 8,
(áður Háaleitisbraut 28),
Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 24. júní. Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 9. júlí kl. 15.00.

**Lára Rafnsdóttir** **Jóhannes Atlason**
**Theódóra Guðrún Rafnsdóttir**
**Hlöðver Örn Rafnsson** **Sigríður Sverrisdóttir**
**Högni Rafnsson** **Antonia Gutes Turu**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## Landsmenn lesa Fréttablaðið allan ársins hring

# LÍKA Á SUMRIN!

## Auglýsing í Fréttablaðinu er ávallt jafn verðmæt

| apríl | maí | júní | júlí | ágúst | september |
|---|---|---|---|---|---|
| 89% | 89% | 89% | 89% | 89% | 89% |

**89% af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring**




*meðallestur þeirra sem lesa bara Fréttablaðið og þeirra sem lesa Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.

**Fréttablaðið - mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin**

FRÉTTABLAÐIÐ

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is



Jóna Hlíf Halldórsdóttir opnar einkasýningu sína Kyrrð í Geysi Heima í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## 29. JÚNÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Tourlou á Íslandi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Í fyrsta sinn á Íslandi – Tourlou býður tónleikagestum í ferðalag til landa á borð við Búlgaríu, Króatíu, Armeníu, Grikkland, Ítalíu og Spán. Tríóið flytur þjóðlagatónlist í eigin útsetningum og á efnisskránni kennir ýmissa grasa, allt frá melankólískum ballöðum til líflegrar danstónlistar. Eins og efnisskráin koma tónlistarmennirnir úr ólíkum áttum, frá Íslandi, Spáni og Hollandi.

**Hvað?** Heiladans #44
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Boston, Laugavegi
Svaka danstónlistarpartí á Boston.

**Hvað?** Vonandi: Tine Valentin, Jónbjörn, DJ Dominatricks, camomile live
**Hvenær?** 23.55
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Svaka stuð á Húrra.

**Hvað?** Útgáfutónleikar One Bad Day (Eyvindar Karlssonar)
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaflaraleikhúsið, Hafnarfirði

**Hvað?** Föstudagskvöld á Múlanum með Arctic Swing Quintet
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Sumardagskrá Múlans heldur áfram og í sumar er bryddað upp á þeirri nýbreytni að bjóða upp á tónleika á föstudagskvöldum líka. Á tónleikunum kemur fram Arctic Swing Quintet, en hljómsveitin samanstendur af nokkrum af reyndustu djassleikurum landsins. Á efnisskránni eru lög frá gullaldarárum djassins 1927-1945 í skemmtilegum útsetningum þar sem áherslan er á sveiflu, lagræn sóló og almennan hressleika. Meðlimir kvintettsins eru Snorri Sigurðarson, Haukur Gröndal, Ásgeir Ásgeirsson, Sigmar Þór Matthíasson og Erik Qvick.

### Viðburðir

**Hvað?** Top Gun – Föstudagspartísýning!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Top Gun var ein vinsælasta mynd ársins 1986 í kvikmyndahúsum um heim allan, gjörsigraði myndbandamarkaðinn og gerði Tom Cruise að stórstjörnu. Þá er Top Gun sennilega jafn fræg fyrir tónlistina sem fylgdi henni eins og söguna. Hljómplatan með lögum úr myndinni sat í fimm vikur í efsta sæti Billboards metsölulistans og þá hlaut lagið „Take my breath away“ með hljómsveitinni Berlin Óskarsverðlaun sem besta lag í kvikmynd árið 1987. Ekki missa af geggjaðri föstudagspartísýningu – leyfilegt er að taka allar veigar, sem og áfengar veigar af barnum, inn í salinn,

**Hvað?** Anne Carson, Bob Currie, Sjón & Magnús Sigurðsson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Kanadíski fornfræðingurinn og skáldið Anne Carson, í félagi við samstarfsmann sinn Robert Currie, mun koma fram og lesa upp úr verkum sínum í Mengi kvöldin 29. og 30. júní. Fyrra kvöldið, 29. júní, flytja þau verkið Cassandra Float Can, sem fjallar m.a. um Gordon Matta-Clark, Kassöndru, þýðingar, brot og skæri. Gestir þeirra verða Sjón og Magnús Sigurðsson.

**Hvað?** Útgáfufögnuður – Afhendingar og áritanir
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Lucky Records, Rauðarárstíg
Vínyllinn er komin til landsins og því blæs Saktmóðigur til örlítils útgáfufagnaðar í Lucky Records nk. föstudag. Þar geta þeir sem studdu okkur í gegnum söfnun Karolinafund, svo þessi útgáfa mætti verða að veruleika, nálgast eintök sín og aðrar pantanir. Auk þess verður platan auðvitað til sölu á staðnum og á fóninum.

**Hvað?** Sýningarpartí - Fyrsti þáttur Viðundurs
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Öllum er velkomið að horfa og fagna með okkur! Frítt er inn en hægt verður að gefa frjáls framlög á staðnum vegna þess að við borgum fyrir salinn upp úr okkar eigin vösum (eigum nokkra slíka en ekki mjög djúpa).

### Sýningar

**Hvað?** Ljós og orka
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Hellnar, Snæfellsnesi
Nú fer hver að verða síðastur að sjá sýningu Rúnu K. Tetzschner í Fjöruhúsinu á Hellnum því síðasta sýningarvika er fram undan. Myndir Rúnu túlka umbreytingarorku náttúrunnar á mörkum fantasíu sem má kenna við töfraraunsæi. Þær fela einnig í sér jákvæð skilaboð og má nota þær til íhugunar og skapandi ímyndunar. Á sýningunni eru olíumálverk og litlar myndir unnar á pappír með vatnstússlitum og sérstakri aðferð Rúnu þar sem hún bræðir glitrandi duftliti á pappírinn með hitatæki.

**Hvað?** K Y R R Ð
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Geysir heima, Skólavörðustíg
Myndlistarkonan Jóna Hlíf Halldórsdóttir opnar einkasýninguna K Y R R Ð núna í dag í Kjallaranum hjá Geysi Heima, Skólavörðustíg 12. Jóna Hlíf sýnir ný verk sem samanstanda af gólfskúlptúrum og textaverkum. Á sýningunni er unnið út frá nýrri frásögn og með nýjan efnivið. Í forgrunni er leikur með konseptin „afstrakt“ og „form“ með hliðsjón af því hvað felst í að eitthvað sé staðbundið. Líkt og í fyrri verkum Jónu Hlífar er einnig unnið með tungumálið, orð og samspil ljóss, forms og lita. Öll verkin tengjast endurminningum um staði á eða nálægt hálendi úr misgömlum ferðalögum. Að baki hverju verki er mynd af stað sem reynt er að lýsa í eins fáum orðum og hægt er, með því að draga fram kjarnann úr endurminningunni af upplifuninni. Það sem sameinar er heiðríkja, tærleiki og kyrrð – að minnsta kosti í huganum.

**Hvað?** Welcome to New Zoéland | Zoé Sauvage
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Listastofan, Hringbraut
New Zoéland/ Nýja Zoéland, er innblásin ferð í duttlungafullan hugarheim listamannsins Zoé Sauvage gegnum teikningu/málverk, myndband, innsetningu. Landið sem er heimsótt: frændeyja Nýja-Sjálands. Hvað er eðlilegra en að þetta ímyndaða land rísi úr kafinu á Íslandi, næstum nákvæmlega andstæðu megin á hnettinum í gegnum miðja jörðina?

**Hvað?** 50 minningar – Sýningaropnun í Norræna húsinu
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Norræna húsið
Afmælissýning Norræna hússins „50 minningar“ opnuð 29. júní kl. 15 í Black Box (í kjallaranum). Allir velkomnir! Norræna húsið býður upp á léttar veitingar.



Sjón verður gestur kanadíska fornfræðingsins og skáldsins Anne Carson í Mengi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

100% ÍSLENSKT ungnautakjöt

**498** kr. 2x120 g

**Íslandsnaut Smash Style Hamborgarar**
2x120 g

**119** kr. 2 stk.

**Smash Style Hamborgarabrauð**
2 stk. í pakka

**298** kr. 250 ml

**Smash Style Hamborgarasósa**
250 ml

**298** kr. 1 kg

**Nektarínur**
1 kg, box, Spánn

**298** kr. 1 kg

**Ferskjur**
1 kg, box, Spánn

**198** kr. kg

**Vatnsmelónur**
í lausu

Ferskur ANANAS

**198** kr. stk.

**Ananas**
Ca. 1,57 kg, Spánn

NÝTT Í BÓNUS
Alvöru súrdeigsbrauð

ALLTAF NÝBAKAÐ

**798** kr. 500 g

**Bónus Súrdeigsbrauð**
500 g

NÝTT Í BÓNUS

**495** kr. 140 g

**Sóma Ferskt Pestó**
140 g

**69** kr. 330 ml

**Egils Kristall**
330 ml, 2 tegundir

Verð gildir til og með **1. júlí** eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




500ml

AÐEINS AÐ HITA

498
kr. 500 ml

**ÍS Piparostarjómasósa,** 500 ml
**ÍS Rjómasveppasósa,** 500 ml




398
kr. 250 ml

**Íslandsnaut Bernaissósa**
250 ml



Fullmeyrnað
ÍSLENSKT
Ungnautakjöt




4.598
kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Ribeye

4.598
kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Fillet

ÍSLENSKT
Lambakjöt

Miðlærissneiðar
ÍSLENSKT
Lambakjöt

ÍSLENSKT
Lambakjöt

ÍSLENSKT
Lambakjöt




2.998
kr. kg

**Íslandslamb Lambakótilettur**
Kryddaðar

2.598
kr. kg

**Íslandslamb Lærissneiðar**
1. flokkur, kryddaðar

1.379
kr. kg

**Kjarnafæði Lambasirloinsneiðar**
Kryddaðar

1.298
kr. kg

**Kjarnafæði Lambalæri**
Heiðalamb, kryddað

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Tónlistarsaga aldarinnar út frá lífi Helgu Ingólfsdóttur

**Í bókinni Helguleikur lýsir Kolbeinn Bjarnason því hvernig semballeikarinn Helga Ingólfsdóttir (1942-2009) breytti hugmyndum Íslendinga um barokktónlist og rekur sögu Sumartónleika í Skálholtskirkju.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Saga Helgu Ingólfsdóttur er eins og rauður þráður í gegnum bókina en þó er hennar ekki getið fyrr en á blaðsíðu 60. Ég lagði upp með að þetta ætti ekki að vera ævisaga hennar vildi segja tónlistarsögu aldarinnar út frá hennar lífi. Þannig að bókin á að hafa víða skírskotun,“ segir Kolbeinn Bjarnason, tónlistarmaður og höfundur bókarinnar Helguleikur, sem er nýkomin út hjá Sæmundi, bókaútgáfu á Selfossi.

Þriggja ára vinna liggur að baki bókinni, að sögn Kolbeins. „Ekki alltaf full vinna – en stundum. Eiginlega vegna þess að ég fór alltaf að velta svo mörgu fyrir mér þegar ég var byrjaður að skrifa.“

Helga kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1969 og henni fylgdu nýir straumar í flutningi tónlistar, sem Kolbeinn kveðst gera skil. „Einnig fjalla ég um trúartónlist í sambandi við Skálholt, Helga var frumkvöðull Sumartónleika þar. Svo reyndi ég að átta mig á klappsögunni í íslenskum kirkjum. Það mátti aldrei klappa í Skálholti meðan Helga var við stjórnvölinn. Það var umdeilt. Klappbannið? Hvað var það? Svona fór ég alltaf að spyrja mig spurninga í hverri setningu og rakti þræður um klappið alveg aftur til 1907. Við getum sagt að þetta sé mikil útúrdúrabók.“

Kolbeinn segir Helgu tvímælalaust hafa breytt hugmyndum fólks um barokktónlist hér á landi og líka hafa verið öflugan túlkanda nýrrar tónlistar. „Hún kemur með þá strauma hingað til Íslands sem voru efstir á baugi í Evrópu kringum 1970. Þeir byggðust meðal annars á að spila barokktónlistina á upprunaleg hljóðfæri, það þekktist lítið á landi. Ég kannaði forsöguna og fann meira en ég bjóst við.“

Meðal annars kveðst Kolbeinn hafa setið á söfnum við heimildaleit og gluggað í gamlar efnisskrár tónleika en timarit.is hafi líka reynst honum ótrúlega frjó uppspretta en ekki hafi dugað að slá inn orðið semball, það hafi ekki fest í sessi fyrr en eftir að Helga kom til sögunnar heldur hafi verið talað um harpsichord eins og hljóðfærið heitir á ensku. „Það lýsir því hvað hún var mikill brautryðjandi, það var ekki einu sinni búið að staðla nafnið á hljóðfærinu hennar þegar hún byrjaði.“



„Við getum sagt að þetta sé mikil útúrdúrabók,“ segir Kolbeinn um Helguleik, sem er önnur bók hans á rithöfundarferlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Semball byrjaði þó að hljóma hér í útvarpinu um 1940, að sögn Kolbeins. „„Wanda Landowska leikur á harpsikord,“ stendur víða í útvarpsdagskrá frá 5. áratugnum og nafn hennar festist í heilabúum þjóðarinnar því hún var stórstjarna,“ lýsir hann.

„En hvað er klassík og ekki klassík í menningarsögu þjóðarinnar? Það væri efni í heila bók,“ segir Kolbeinn. „Á tímum Helgu, sem var fædd 1942 og dó 2009, sköruðust þeir heimar þó ekki mikið, fyrr en undir lokin. Hún stóð fyrir þeirri háleitu hugsun að tónlistin væri æðst allra listgreina. Það sem Laxness skrifar um músík mótaði líka dálítið hugsun íslensku þjóðarinnar. Hann var með það á hreinu að tónlistin væri list allra lista og að Bach væri mestur og mætastur. Ingólfur Guðbrands var sama sinnis. Bach var guð í hans augum. Ég kem svolítið inn á hugmyndir um trú og tónlist.“

*Hefur þú skrifað bækur áður?*

„Já, ég hef reyndar gert það á þann hátt að ritgerðir um Leif Þórarinsson tónskáld, sem ég vann bæði til



Tónskáld heilluðust af leik Helgu og hljóðfæri og tileinkuðu henni verk sín. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




Kápa hinnar nýju bókar sem gefin er út af Sæmundi.

**HÚN STÓÐ FYRIR ÞEIRRI HÁLEITU HUGSUN AÐ TÓNLISTIN VÆRI ÆÐST ALLRA LISTGREINA.**

BA- og mastersgráðu enduðu á bók sem heitir Leifur. Það var Gunnar Smári sem gaf þær út í flýti þegar Leifur hefði orðið áttræður. Ég held að sú bók hafi aldrei verið til sölu svo þetta er fyrsta bókin á almennum markaði. Og kannski sú síðasta.“

Helguleikur er harðspjaldabók upp á 450 síður í stóru broti. Kolbeinn tekur fram að útgáfan felist ekki bara í bók heldur einnig sex geisladiskum. „Bókin og diskarnir tengjast mjög sterkum böndum. Ef ég er að fjalla um tiltekið verk sem Helga spilaði á tónleikum þá stendur á spássíunni „Þetta verk er á diski númer ...“ Þannig að ef fólk á rólega daga er hægt að lesa og hlusta jafnóðum. Alveg kjörin afþreying í rigningunni.“

## Efnisskráin fjölbreytt og í takt við anda og sögu staðarins

Hin árlega tónlistarhátíð Englar og menn hefst í Strandarkirkju í Selvogi á sunnudaginn klukkan 14. Tónleikarnir nefnast Í drottins ást og friði og þar koma fram Björg Þórhallsdóttir sópran, Elmar Gilbertsson tenór, Elísabet Waage hörpuleikari, Guðni Franzson klarínettuleikari og Hilmar Örn Agnarsson organisti. Þau flytja sönglög eftir Sigvalda Kaldalóns, Emil Thoroddsen, Beethoven, Donizetti og fleiri.

Björg Þórhallsdóttir er umsjónarmaður tónleikanna að venju. „Hátíðin stendur yfir frá 1. júlí til 12. ágúst og þar koma fram margir fremstu söngvara og hljóðfæraleikara landsins,“ segir hún. Efnisskráin er fjölbreytt og í takt við anda og sögu staðarins.

Björg lýsir því sem fram undan er: „Annan sunnudag kemur Bjarni Frímann Bjarnason píanóleikari fram ásamt Jónu G. Kolbrúnardóttur sópran, Kristínu Önnu Guðmundsdóttur sópran og Pétri Björnssyni fiðluleikara.

Sunnudaginn 15. júlí verða Sólrún Bragadóttir og Ágúst Ólafsson barítón hjá okkur og með þeim leikur Jón Sigurðsson á orgel og píanó.

Söngkonurnar Hanna Þóra Guðbrandsdóttir sópran og Hanna Dóra Sturludóttir mezzósópran verða hjá okkur sunnudaginn 22. júlí og með þeim leikur Ástvaldur Traustason á orgel og harmóníku.

Þann 29. júlí ætla feðginin Valgeir Guðjónsson og Vigdís Vala Valgeirsdóttir að gleðja áheyrendur og 5. ágúst verða söngvararnir Hildigunnur Einarsdóttir alt og Jón Svavar Jósefsson barítón með dagskrá tileinkaða Halldóri Laxness.“

Hátíðinni lýkur með Maríumessu og tónleikum 12. ágúst en þar syngja Björg og Diddú, Elísabet Waage og Hilmar Örn Agnarsson spila og séra Baldur Kristjánsson annast guðsþjónustuna. **– gun**



Elmar, Björg , Elísabet, Hilmar Örn og Guðni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


FULLKOMIN
Í FRÍIÐ
„Herðir hjartsláttinn til muna – meiri háttar.“
INDEPENDENT
„Sú besta til þessa.“
STEPHEN KING
LEE CHILD
UPPGJÖR
LEE CHILD UPPGJÖR
Jack Reacher loksins mættur aftur
Æsispennandi atburðarás í París og London
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

# DAGSKRÁ

# Föstudagur



## BRITAIN'S GOT TALENT
KL. 19:30

Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Dómarar í keppninni eru þau Simon Cowell, David Walliams, Amanda Holden og Alesha Dixon. Skemmtikraftarnir Ant og Dec fara á kostum eins og þeim einum er lagið.





Frábær föstudagur

Fáðu þér áskrift á stod2.is




## THE DARK KNIGHT
KL. 21:05

Myndin segir frá Leðurblökumanninum sem þarf að berjast gegn skemmdarverkum hins óútreiknanlega Jókers. Einstaklega vel gerð spennumynd með Heath Ledger, Christian Bale, Aaron Eckhart, Maggie Gyllenhaal og Michael Cane í aðalhlutverkum.

## HORRIBLE BOSSES
KL. 22:00

Þrír vinir eiga það sameiginlegt að yfirmenn þeirra gera þeim lífið leitt við hvert tækifæri. Og einn daginn ákveða þeir að koma þeim fyrir kattarnef.



## AMERICAN DAD
KL. 22:10

Skemmtileg teiknimyndasería um Stan sem er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.




Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.

stod2.is

## STÖÐ 2

**07.00** **Blíða og Blær**
**07.25** **Ljóti andarunginn og ég**
**07.45** **Tommi og Jenni**
**08.05** **Strákarnir**
**08.30** **The Middle**
**08.55** **Mom**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.20** **Restaurant Startup**
**11.05** **Great News** Gamanþættir sem fjalla um mæðgurnar Carol og Katie en það reynir á samband þeirra þegar móðirin Carol fær reynslustarf á sama fjölmiðli og dóttirin Carol vinnur á og það reynir aldeilis á þolrifin hjá henni því móðirin er uppátækjasöm og er oftar en ekki hrókur alls fagnaðar. Þættirnir eru úr smiðju Tinu Fey og Robert Carlock sem gerðu einnig 30 Rock og Unbreakable Kimmy Schmidt.
**11.25** **Veistu hver ég var?**
**12.10** **Feðgar á ferð**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Lýðveldið**
**13.30** **Robot and Frank**
**15.00** **Scooby-Doo! Shaggy's Showdown**
**16.20** **Swan Princess. A Royal Family Tale** Skemmtileg og spennandi teiknimynd um prinsinn Derek og prinsessuna Odette sem ættleiða litla stúlku að nafni Alise. Þegar hópur af fljúgandi íkornum ræna litlu stúlkunni, því þeir eru sannfærðir um að hún sé ill, leggja Derek og Odette í svaðilför til að bjarga henni.
**17.45** **Bold and the Beautiful**
**18.05** **Nágrannar**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.50** **Sportpakkinn**
**19.00** **Fréttayfirlit og veður**
**19.05** **Modern Family**
**19.25** **Britain's Got Talent**
**20.40** **Britain's Got Talent**
**21.05** **The Dark Knight** Einstaklega vel gerð spennumynd frá 2008 með Heath Ledger, Christian Bale, Aaron Eckhart, Maggie Gyllenhaal, Michael Cane og mörgum fleiri stórleikurum. Myndin segir frá Leðurblökumanninum sem þarf að berjast gegn skemmdarverkum hins óútreiknanlega Jókers og hefur fengið einróma lof gagnrýnenda um heim allan. Leikstjóri er Christopher Nolan.
**23.30** **Green Room**
**01.05** **Patriots Day**
**03.15** **The Last Face**
**05.20** **Robot and Frank** Hugljúf mynd frá 2012 sem hefur hlotið mjög góða dóma. Sagan gerist í náinni framtíð þegar fyrrum skartgripaþjófur fær vélmennaþjón að gjöf frá syni sínum. Stuttu síðar eru þeir farnir að leggja á ráðin um skartgriparán. Aðalhlutverkin leika Frank Langella, Susan Sarandon, Liv Tyler og James Marsden. Peter Sarsgaard lánar vélmenninu rödd sína.

## STÖÐ 2 SPORT

**07.55** **Sumarmessan**
**08.35** **Cleveland Cavaliers - Golden State Warriors**
**10.40** **FH - ÍBV Olís deild karla**
**12.25** **KR - Tindastóll Dominos deild karla**
**14.30** **Sumarmessan**
**15.15** **Formúla 1. Keppni - Frakkland**
**17.25** **Fyrir Ísland**
**18.05** **Pepsímörk kvenna**
**19.05** **Valur - Grindavík**
**21.15** **Sumarmessan**
**21.55** **UFC Now 2018**
**22.45** **Víkingur Ó - ÍA Inkasso deildin**

## STÖÐ 3

**19.10** **Man Seeking Woman**
**19.35** **The Last Man on Earth**
**20.00** **Seinfeld**
**20.25** **Friends**
**20.50** **First Dates**
**21.35** **The Simpsons**
**22.00** **American Dad**
**22.25** **Bob's Burger**
**22.50** **Schitt's Creek**
**23.15** **NCIS. New Orleans**
**00.00** **Man Seeking Woman**
**00.20** **Friends**
**00.45** **Seinfeld**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00** **Áfram Diego, áfram!**
**08.24** **Svampur Sveinsson**
**08.49** **Lalli**
**08.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**09.00** **Strumparnir**
**09.25** **Hvellur keppnisbíll**
**09.37** **Ævintýraferðin**
**09.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00** **Stóri og Litli**
**10.13** **Grettir**
**10.27** **K3**
**10.38** **Mæja býfluga**
**10.50** **Tindur**
**11.00** **Dóra könnuður**
**11.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00** **Áfram Diego, áfram!**
**12.24** **Svampur Sveinsson**
**12.49** **Lalli**
**12.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**13.00** **Strumparnir**
**13.25** **Hvellur keppnisbíll**
**13.37** **Ævintýraferðin**
**13.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00** **Stóri og Litli**
**14.13** **Grettir**
**14.27** **K3**
**14.38** **Mæja býfluga**
**14.50** **Tindur**
**15.00** **Dóra könnuður**
**15.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00** **Áfram Diego, áfram!**
**16.24** **Svampur Sveinsson**
**16.49** **Lalli**
**16.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**17.00** **Strumparnir**
**17.25** **Hvellur keppnisbíll**
**17.37** **Ævintýraferðin**
**17.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00** **Stóri og Litli**
**18.13** **Grettir**
**18.27** **K3**
**18.38** **Mæja býfluga**
**18.50** **Tindur**
**19.00** **Storkar**



**Mæja býfluga klukkan 10.38, 14.38 og 18.38**

## GOLFSTÖÐIN

**07.00** **KPMG Women's PGA Championship**
**11.00** **The National The National**
**15.00** **KPMG Women's PGA Championship**
**19.00** **The National The National**
**23.00** **Inside the PGA Tour**
**23.25** **Golfing World**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.00** **Florence Foster Jenkins**
**12.50** **Lea to the Rescue**
**14.30** **Stuck On You**
**16.30** **Florence Foster Jenkins** Frábær mynd frá 2016 með Meryl Streep og Hugh Grant í aðalhlutverkum. Hér er sögð sönn saga hinnar kostulegu Florence Foster Jenkins sem þráði að verða óperusöngkona þrátt fyrir að vera auðheyranlega alveg rammfölsk. Þegar Florence erfði mikla peninga eftir föður sinn árið 1909, á sama tíma og hún hitti breska leikarann St. Clair Bayfield sem gerðist sambýlismaður hennar, umboðsmaður og aðdáandi númer eitt, má segja að sérstæður söngferill hennar hafi hafist fyrir alvöru.
**18.20** **Lea to the Rescue**
**20.00** **Stuck On You**
**22.00** **Horrible Bosses** Frábær gamanmynd frá 2011 með Jennifer Aniston, Jason Bateman, Charlie Day og Jason Sudeikis. Myndin fjallar um þrjá vini sem allir eiga það sameiginlegt að yfirmenn þeirra gera þeim lífið leitt við hvert tækifæri. Eitt kvöldið við drykkju taka félagarnir sig til og ákveða að best væri að koma yfirmönnum sínum fyrir kattarnef, og hefst þá heldur hlægileg atburðarás sem getur varla endað vel. Með hlutverk yfirmannanna hræðilegu fara Kevin Spacey, Jennifer Aniston og Colin Farrell, en Jamie Foxx fer sömuleiðis með hlutverk í myndinni.
**23.40** **The Meddler**
**01.25** **The Exorcism Of Molly Hartley**
**03.00** **Horrible Bosses**

## RÚV

**15.30** **Búlgaría - Ísland**
**18.00** **Táknmálsfréttir**
**18.10** **KrakkaRÚV**
**18.11** **Froskur og vinir hans**
**18.18** **Söguhúsið**
**18.25** **Ævar vísindamaður**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.40** **Mr. Popper's Penguins**
**21.15** **Agatha Raisin: Baneitraða bakan**
**22.50** **Top Gun**
**00.40** **Barnaby ræður gátuna**
**02.10** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **WOW Cyclothon 2018 BEINT**
**10.00** **Síminn + Spotify**
**10.40** **The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**11.20** **The Late Late Show with James Corden**
**12.00** **Everybody Loves Raymond**
**12.25** **King of Queens**
**12.50** **How I Met Your Mother**
**13.10** **Dr. Phil**
**13.50** **Man With a Plan**
**14.15** **LA to Vegas**
**14.35** **Flökkulíf**
**15.00** **Family Guy**
**15.25** **Glee**
**16.15** **Everybody Loves Raymond**
**16.40** **King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**19.00** **America's Funniest Home Videos**
**19.30** **The Biggest Loser**
**21.00** **The Bachelorette**
**22.30** **The Way Way Back**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

ÚR KJÖT-BORÐI



Nautafille í Black garlic pipar eða Black trufflu

**3.898 kr./kg**

Áður 4.698 kr./kg

ÚR KJÖT-BORÐI



Nauta Rib-eye

**4.598 kr./kg**

Áður 5.398 kr./kg

# GOTT á grillið

ÚR KJÖT-BORÐI



Lamba innralæri

**2.798 kr./kg**

Áður 3.498 kr./kg

FERSKT fiskmeti



Lax úr fiskborði með lemon og kóriander eða sítrónusmjöri

**2.868 kr./kg**



Flúðasveppir í lausu



Forsoðinn maís

ÚR KJÖT-BORÐI



Hamborgarar í lausu

**279 kr./stk.**

Áður 310 kr./stk.

**Afgreiðslutímar**

| | |
|---|---|
| mánudaga - miðvikudaga | 09:00 - 18:00 |
| fimmtudaga | 09:00 - 18:30 |
| föstudaga | 09:00 - 19:00 |
| laugardaga | 10:00 - 16:00 |
| lokað sunnudaga. | |

FK
FJARÐARKAUP
EINSTÖK VERSLUN

Kjötborð okkar er rómað fyrir góða vöru og framúrskarandi þjónustu.
Við bjóðum upp á fyrsta flokks ferskt kjöt, sérvalið af fagmönnum.
Við tryggjum þér ferskleika, gæði og úrval.
**www.fjardarkaup.is**


Hér eru menn ekki hræddir við liti og munstur. Til fyrirmyndar.


Bella Hadid kann þetta.


Strigaskór við jakka, bæði í vinnuna og veisluna. Mælum með.


Ljósgræn dragt í flottu sniði við strigaskó frá Louis Vuitton.

# Sportlegt en fínt

**Á nýafstaðinni herratískuviku í Parísarborg mátti greina eitt gott trend sem bæði kynin hafa fallið fyrir þetta sumarið. Það er að vera í strigaskóm við jakkaföt.**

Buxnadragtir og jakkaföt í björtum litum og þessi þægilegi og heitasti skófatnaður sumarsins er blanda sem allir ættu að geta prófað. Sérstaklega smellpassar þessi blanda í vinnuna í sumar – enda úrvalið af strigaskóm sjaldan verið betra og jakkar og buxur í stíl eitthvað sem allir ættu að eiga í fataskápnum.







Hvít buxnadragt er líka hversdagsklæðnaður.


Þessir strigaskór frá Balenciaga eru vinsælir í sumar.

GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter


SUMAR MARKAÐUR
20–50% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR NIKE
30% AFSLÁTTUR MOUNTAIN HARDWEAR
30% AFSLÁTTUR MILLET
20% AFSLÁTTUR HOUDINI
30% AFSLÁTTUR Columbia
20% AFSLÁTTUR DEVOLD
20% AFSLÁTTUR Bergans OF NORWAY
20% AFSLÁTTUR DIDRIKSONS1913 Grundsund SWEDEN
30% AFSLÁTTUR Columbia
30% AFSLÁTTUR zamberlan
50% AFSLÁTTUR TRESPASS
20% AFSLÁTTUR NIKE
20% AFSLÁTTUR MERIDA
20% AFSLÁTTUR Coleman Útileguvörur
20% AFSLÁTTUR PRIMUS
20% AFSLÁTTUR Coleman Útileguvörur
20% AFSLÁTTUR Coleman Útileguvörur
Verð birt með fyrirvara um prentvillur
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS
WWW.ELLINGSEN.IS















Elín, Sigríður og Elísabet Eyþórsdætur í Sísí Ey og bróðir þeirra, Eyþór, úr Geisha Cartel spila á tónleikunum.

# Tónlistarfjölskylda safnar fyrir Jemen

Í kvöld á skemmtistaðnum Húrra fara fram tónleikar til styrktar neyðarsöfnun UNICEF fyrir börn í Jemen en ástandið þar er vægast sagt slæmt. Fram koma Sísí Ey, Cell7, Geisha Cartel og DJ Kocoon.

Tónleikar verða haldnir á skemmtistaðnum Húrra í kvöld til styrktar neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi fyrir börn í Jemen. Á tónleikunum koma fram Sísí Ey, Cell7 og hljómsveitin Geisha Cartel auk þess sem plötusnúðurinn knái DJ Kocoon verður á spilurunum.

„Þetta var hugmynd sem kviknaði, þetta er svo skemmtileg blanda af tónlist og okkur fannst sniðugt að fá alla saman og vera með eitt almennilegt partí á Húrra. Svo hugsar maður í kjölfarið hvað maður hefur það gott á Íslandi miðað við hvað er í gangi í heiminum og þannig kom sú hugmynd að styrkja eitthvert gott málefni. Þá lá beint við að það væru börnin í Jemen," segir Elísabet Eyþórsdóttir úr Sísí Ey, en það er auðvitað mikil fjölskylduhljómsveit, skipuð systrunum Elísabetu, Elínu og Siggu, auk pródúsentsins Friðfinns Sigurðssonar. Það sem færri kannski vita er að í hljómsveitinni Geisha Cartel er bróðir þeirra, Eyþór Ingi Eyþórsson – og að þeir Jón Múli og Kristján Steinn Kristjánsson úr Geisha Cartel eru svo frændur þeirra systkina.

„Við Ragna, Cell 7, erum að fara að gefa út lag saman og höfum því verið að vinna svolítið saman. Við töluðum um það að það gæti verið skemmtilegt að vera með tónleika þar sem bæði böndin eru. Við verðum þarna öll systkinin – bróðir okkar systranna er í Geisha Cartel og frændur okkar eru líka í Geisha, þannig að við tengjumst öll einhvern veginn, þetta er smá ættarmót. Núna verða samt foreldrarnir bara í salnum en ekki upp á sviði." Foreldrarnir eru Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson. Þarna verður því heil tónlistarstórfjölskylda.



Mikil stríðsátök í Jemen koma harkalega niður á börnum og nánast hvert einasta barn í landinu þarfnast neyðaraðstoðar.

> VIÐ VERÐUM ÞARNA ÖLL SYSTKININ – BRÓÐIR OKKAR SYSTRANNA ER Í GEISHA CARTEL OG FRÆNDUR OKKAR ERU LÍKA Í GEISHA, ÞANNIG AÐ VIÐ TENGJUMST ÖLL EINHVERN VEGINN



Cell7 og Elísabet vinna að lagi saman.

## Nánast hvert barn í Jemen þarf aðstoð

Neyðarsöfnun UNICEF fyrir börn í Jemen hófst í vor og gengur undir yfirskriftinni „Má ég segja þér soldið?" Í Jemen ríkir gífurleg neyð og hefur landinu verið lýst sem einu af því versta í heiminum fyrir barn að búa í. Nánast hvert einasta barn í Jemen þarfnast neyðaraðstoðar. Ástandið er þannig að milljónir barna svelta, hafa ekki aðgang að hreinu drykkjarvatni og deyja úr sjúkdómum á borð við kóleru og niðurgangspestir.

Leikar hefjast klukkan níu á Húrra og rennur allur aðgangseyrir til söfnunarinnar en einnig er hægt að leggja henni lið með því að senda SMS-ið JEMEN í númerið 1900 (1.900 krónur). Einnig er hægt að fara inn á vefsíðu UNICEF og styrkja söfnunina þar.

stefanthor@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


SUMARSMELLURINN 2018
NÚ MEÐ ÁVAXTABRAGÐI
RISA
OPAL
Ávaxtatöflur
RISA
PAL
Saltlakkrís
SYKURLAUS
RISA
AL
Piparlakkrís
SYKURLAUS
Láttu RISA Opal með ávaxtabragði koma þér í rétta sumarskapið.
Skemmtilegt bragð sem þú verður að prófa.
Opal, bætir andrúmsloftið.
NÓI SÍRÍUS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


María Bjarnadóttur




## Sólskin í hillu

Í vikunni sá ég, á internetinu, að Bill Gates gaf öllum sem útskrifuðust úr menntaskóla í Bandaríkjunum í ár bókina Factfulness, eftir lækninn og metsöluhöfundinn Hans Rosling. Auðvitað á ekki að trúa öllu sem er á internetinu, en þetta var trúverðugt af ýmsum ástæðum.

Ég tók eftir þessu af því að sama bók birtist fyrir nokkrum vikum í bókahillunni heima hjá mér. Kannski er ekki merkilegt að það birtist bók í þar til gerðri hillu, en það er það heima hjá mér. Málið er nefnilega að maðurinn minn er með mjög alvarlega bókakaupafíkn sem hefur valdið verulegri fækkun í hópi þeirra sem vilja aðstoða okkur við búferlaflutninga. Vegna þessa, og full tíðra búferlaflutninga á milli landa síðasta áratuginn, fór fram ströng samningalota á heimilinu sem leiddi til samkomulags um að kaup á bókum í pappírsformi sé nánast bara aðeins fyrir barnabækur og mikilvægar lögfræðibækur. Samhliða fékk hann svo Kindle í jólagjöf, undir þeim formerkjum að gamla máltækið um að bókastaflinn vaxi en veggjaplássið ekki ætti enn við.

Það var þess vegna sem það var óvænt að sjá bókina í hillunni, en ekki í Kyndlinum, þar sem hinar bækurnar hans Roslings eru geymdar.

Þannig atvikaðist það að ég fletti í gegnum Factfulness í stað þess að horfa á efnisveitu eitt kvöldið. Að blaða í bókinni er eins og að taka sólskin úr hillunni. Undirtitill bókarinnar gefur vísbendingu um glætu, en á blaðsíðunum eru áminningar um hversu miklu heimurinn hefur áorkað í átt að jafnrétti, frelsi og bræðralagi. Það er bjartsýni og sólskin í tölfræðinni, eitthvað sem gæti nýst í þessu svokallaða sumri á Íslandi.


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

GLAMOUR

*Maí og Júníblað*
GLAMOUR
ER KOMIÐ ÚT

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.

Betra BAK
SUMAR
ÚTSALA
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR
VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN





FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is
Betra BAK